



kjarninn

7. útgáfa – 3. október – vika 40



ÉG ER HÆTTULEGASTUR

Jón Gnarr, borgarstjóri
Reykjavíkur, segir að
flugvöllurinn fari

Hann mun tilkynna um
framboð í Tvíhöfða hinn
30. október

Telur Davíð Oddsson
of fótfúinn til að vera
Arnold Schwarzenegger

Hefur þú lesið Kjarnann í iPad?

Sæktu Kjarnann
í App Store og
upplifðu hann í
sínun náttúrulegu
heimkynnum




Available on the
App Store



kjarninn

Efnisyfirlit

7. útgáfa
3. október 2013
vika 40



STJÓRNSÝSLA

Kæruleysi einkennir ársreikningaskil



BANDARÍKIN

Repúblikanar fara fram á lausnargjald



FIMM ÁR FRÁ HRUNI

Hrunið var upphaf og endir



VIÐMÆLANDI VIKUNNAR Jón Gnarr borgarstjóri

Flugvöllurinn mun fara úr Vatnsmýrinni



LEIKLIST

Englar alheimsins og tónlistin í Harmsögu

ÁLIT

„Íslendingar skila lengstu vinnuvikunni af þeim þjóðum sem við viljum bera okkur saman við [...] Afköst Íslendinga eru einungis tveir þriðju af því sem Bandaríkjamenn ná.“

Guðmundur Gunnarsson

ÁLIT

„Þessi fræðilega umræða hefur bæði stutt og orsakað mörg skemmtileg og spennandi verkefni í íslensku mennta- og menningarlífi [...] Það er hins vegar rétt að umræða fræðasamfélagsins skilar ekki öllu í hendur skólunum.“

Henry Alexander Henrysson



KENÍA

Hörmungarnar í Naíróbi toppurinn á ísjakanum




FJÁRLÖG

Ríkið nær í peninga í þrotabú föllnu bankanna




TÆKNI

Mikil spenna vegna komu nýs iPad á markað



STJÓRNMÁL

Makríldeilan lokaði á stóran samning fyrir Trackwell



MATUR

Dýrindis tortilla á boðstólum

PISTILL

„Ljóst er að löggjöfin á þessu sviði hefur ekki fylgt eftir þeirri þróun sem orðið hefur að undanförunu á sviði raf- og vélknúinna reiðhjóla.“

Stefán Eiríksson, lögreglustjóri á höfuðborgarsvæðinu



GALLERÍ

Nasistar í Grikklandi teknir höndum og Berlusconi reynir allt til að bjarga eigin skinni



BÆKUR

Það skiptir máli hvað þú setur ofan í þig



HÖNNUN

Fljótandi flugvellir eru alvöru valkostur til framtíðar litið

ÁLIT

„Hin margnefndu hjól atvinnulífsins eru talsvert frá því að fara að snúast.“

Huginn Freyr Þorsteinsson

Áréttingar

Í umfjöllun sem bar heitið „Valdatafl í Skiptum“ í fimmtu útgáfu Kjarnans kom fram að sex milljarða króna samdráttur í veltu Skipta á milli ára 2010 og 2011 hefði endurspeglad samdrátt í veltu Símans. Það er ekki rétt. Velta Símans jókst um einn milljarð króna á milli ára. Beðist er velvirðingar á þessu.

Í síðustu útgáfu Kjarnans var rætt við Aðalbjörgu Stefaníu Helgadóttur, formann sóknarnefndar Laugarneskirkju. Þar var hún rangnefnd. Beðist er velvirðingar á því.



kjarninn

Laugavegi 71, 101 Reykjavík
Sími 551-0708

kjarninn@kjarninn.is
www.kjarninn.is

Ritstjóri: Þóður Snær Júlíusson
Framkvæmdastjórn: Gísli Jóhann Eysteinnsson og Hjalti Harðarson

Kjarninn miðlar ehf.
gefa Kjarnann út.



Landsvirkjun

„Eftir að rekstur hefst er þetta hreinasta orka sem hægt er að búa til“



Veltu spjalddölvunni til að kynna þér hreina, íslenska orku





Mynd: Biskupsstofa

Því miður er eftirspurn

LEIÐARI

Magnús Halldórsson
magnush@kjarninn.is

Vitur maður hefur sagt að næst því að missa móður sína sé fátt hollara úngum börnum en að missa föður sinn. “Vegir textans eru órannsakanlegir ef bókstafstrú orðanna ræður för. Þá getur texti beinlínis verið hættulegur og haft þveröfug áhrif miðað við það sem að er stefnt. Byrjunin á Brekkukotsannál eftir Halldór Laxness, sem hér er vitnað til, er dæmi um setningu sem getur vel talist siðlaus og forkastanleg ef skilningur á henni takmarkast við aðferð bókstafstrúarinnar.

Því betur er okkur kennt að rýna texta, skilja hann og rannsaka, í gegnum öll stig skólakerfisins. Þannig verður lesskilningurinn að helsta vopni okkar í daglegu amstri, hjálpar til við að greina kjarna málsins, skilja lífsins gang. Biblían er meðal þeirra rita sem gera miklar kröfur um textarýni. Framsetning textans og ýmissa dæmisagna gerir beinlínis kröfu um að bókstafstrúnni sé ekki beitt, heldur þvert á móti sé boðskapurinn meðtekinn á gagnrýninn hátt. Túlkun á texta Biblíunnar er eilífðarþrætuepli, eða ætti í það minnsta að vera það. Erindið á að vera óskýrt og krefjast yfirlegu. Alveg eins og hjá Laxness.

Meðal annars af þessari ástæðu er ástæðulaust að taka því mótþróalaust þegar fólk boðar það að Guð sjálfur lækni fólk af sjúkdómum. Prédikarinn Franklin Graham, sem fjallað var ítarlega um í Kjarnanum í síðustu viku, er í hópi þess fólks sem gengur allt of langt í að heimfæra einfalda túlkun á Biblíutextanum yfir á hin ýmsu vandamál mannlífsins. Í viðtali við Kastljós RÚV kom þetta ítrekað fram, þar sem hann beinlínis hélt því fram að Guð læknaði fólk af sjúkdómum, eins og fíknisjúkdómum og geðrænum kvillum. Það sama á við þegar Graham hafnar samkynhneigð og samkynhneigðu fólki á grundvelli bókstafstrúar sinnar á völdum textabrotum úr Biblíunni. Á sama hátt má með völdum textabrotum vel rökstyðja hið gagnstæða, að Guð taki samkynhneigðum opnum örmum. Það sem ætti að vera óumdeilt er síðan það að efnisleg vísindi hafa fyrir löngu komið fram með trúverðugri skýringar á geðveiki en prédikarinn. Og það sem meira er; samfélagið viðurkennir skýringarnar í gegnum samfélagslega uppbyggingu, til dæmis í gegnum skólakerfið allt, löggjafann og praktík heilbrigðisþjónustunnar. Allt tal um að Guð lækni geðveiki og fíknisjúkdóma er rakalaust og elur á ranghugmyndum um Biblíutextann og erindi hans, út frá grundvallarniðurstöðum vísindanna sem við lifum og þróum líf okkar áfram eftir.

Graham er í hópi þúsunda prédikara í Bandaríkjunum sem kjósa að boða bókstafstrú á Biblíutexta. Bara það eitt að bein textabrot í Biblíuna séu kennd sem leiðarljós í daglegu lífi ætti að kveikja rauð ljós í Biskupsstofu. Slíkri einfaldni ætti Agnes M. Sigurðardóttir, biskup Íslands, að sjálfsögðu ekki að taka þátt í. Þess vegna var ánægjulegt að sjá það á erindi hennar á Hátíð vonar um síðastliðna helgi að hún gerði það ekki. Hún hafnaði þröngsýnni bókstafstrú Grahams í ræðu.

Töluverð eftirspurn er eftir bókstafstrúarfólki eins og Graham, bæði hér á landi og erlendis. Það er miður, vegna þess að þetta fólk elur á ranghugmyndum um lífið og tilveruna og boðar einfeldningslegar lausnir á flóknum vandamálum, einkum þegar fólk glímir við ýmsa andlega kvilla og sjúkdóma. Fólk sem hefur menntað sig í þessum vísindum og rannsakað vandamálin blandar Guði aldrei inn í slíkar meðferðir, enda kemur hann hvergi nærri.

Langt er síðan vísindin færðu okkur mannfólkinu miklu trúverðugri skýringar á mannlífinu en hugmyndir trúarbragðanna. Það er ekki þar með sagt að ýmis viðmið og gildi sem lesa má út úr trúarlegum texta, til dæmis í Biblíunni, séu ekki nytsamleg. Þau eru það, alveg eins og margar kenningar heimspekinga, sem settu fram hugmyndir sínar með ögrandi hætti í texta á árum áður. Fólk sem boðar mikilvægi Guðs verður að bera virðingu fyrir því að þegar á reynir byggir boðskapur þess ekki á efnislegum staðreyndum heldur háfleygum og djúpum texta. Það er gott og blessað en um leið eru mörg víti í honum sem þarf að varast, einkum og sér í lagi þegar dregnar eru ályktanir af bókstaflegri framsetningu orðanna.

Fimm ár frá hruni – þrykkt í þjóðarminni

Á

varpið sem Geir H. Haarde, þáverandi forsætisráðherra, flutti þjóðinni hinn 6. október 2008 er þrykkt í minni þjóðarinnar. Hrun Glitnis, Kaupþings og Landsbankans dagana 7. til 9. október 2008 markaði þáttaskil í sögu þjóðarinnar.

Miklum uppgangstímum í efnahagslífi þjóðarinnar lauk með fordæmalausum skelli. Líf Íslendinga breyttist og við tóku erfiðir tímar. Fimm Íslendingar, sem upplifðu hrun fjármálakerfisins hver með sínum hætti, segja frá því í Kjarnanum í dag hvernig þeir upplifðu ávarp Geirs og áhrif af hruninu. Erfiðleikar blöstu við mörgum en aðrir litu á hrunið sem nýtt upphaf, opnun fyrir ný tækifæri.



Ármann Þorvaldsson, fyrrverandi bankastjóri Kaupthing Singer & Friedlander í London

Geir gerði það eina rétta

Ég var líklega einn af fáum Íslendingum sem sáu ekki hið fræga ávarp Geirs H. Haarde forsætisráðherra mánuðaginn 6. október 2008. Það var þó ekki vegna skorts á áhuga. Ég komst hins vegar ekki frá vinnu minni hjá Kaupthing Singer & Friedlander í Lundúnum, sem var á sama tíma að róa lífróður í kjölfarið á þjóðnýtingu Glitnis. Fram á kvöld þennan mánuðag reyndum við í samstarfi við breska fjármálaeftirlitið að losa eins mikið

af seljanlegum eignum bankans og mögulegt var til að eiga fyrir stanslausu útlæði innlána og annarrar fjármögnunar. Það var ekki eingöngu ástandið á Íslandi sem skapaði þessar aðstæður; fjármálakerfi Evrópu riðaði til falls og allir vildu selja eignir og koma fjármunum sínum í öruggt skjöl.

Keyrt á milli funda

Skömmu eftir að Geir lauk ávarpi sínu tókst mér að hringja til Íslands meðan ég var að

keyra á milli funda í miðbæ Lundúna. Félagi minn útskýrði í grófum dráttum fyrir mér efni ávarpsins og fyrstu viðbrögð mín voru mikil vonbrigði. Fram að þessari stundu bar ég enn þá von í brjósti að ríkisstjórnin hefði einhver tromp uppi í erminni – að hún gæti með einhverjum aðgerðum eytt því vantrausti á íslenska bankakerfinu sem skapast hafði í kjölfarið á þjóðnýtingu Glitnis og leitt hafði til áhlaups á bankana og dótturfélög þeirra.

Engir aðrir möguleikar

Þegar fram liðu stundir áttaði ég mig á því að þegar hér var komið sögu áttu Geir og hans fólk enga möguleika á því að stöðva hið óumflýjanlega hrun bankanna. Nær öll bankakerfi í hinum vestræna heimi voru í raun fallin og hefðu hrunið líkt og hið íslenska ef ekki hefði komið til opinber fjárstuðningur. Íslensku bankarnir voru hins vegar allt of stórir til þess að ríkið ætti möguleika á að skerast í leikinn. Á þessum tíma var það eina sem ríkisstjórnin gat gert að minnka tjónið eins og hægt var. Þegar ég lít til baka verð ég að segja að þær aðgerðir sem Geir mælti fyrir í ávarpinu þennan dag voru afar vel heppnaðar og grunnurinn að því að landið kom þrátt fyrir allt frekar vel frá hruni gjaldmiðilsins og bankanna. Það hlýtur að flokkast undir gráglettni

örlaganna að mannum sem bar ábyrgð á neyðarlögum, sem mér finnst ekki ofmælt að segja að hafi komið í veg fyrir gjaldþrot ríkisins, var stefnt fyrir landsdóm fyrir að hafa brugðist þjóð sinni.

Öll sund lokuð

Þennan dag gerði ég mér hins vegar ekki grein fyrir því að öll sund væru lokuð þó að augljóst væri að hjálpar var ekki að vænta frá stjórnvöldum. Jafnvel eftir ávarp Geirs, sem í raun var dauðadómur yfir íslensku bönkunum og dótturfélögum þeirra, hélt ég áfram að berjast fyrir lífi bankans sem ég rak. Því má helst líkja við teiknimyndapersónu sem er búin að hlaupa fram af kletti án þess að taka eftir því. Hún kemst nokkur hundruð metra áfram í krafti þess að átta sig ekki á raunveruleikanum. Það kemur hins vegar að því að hún lítur niður fyrir sig, verður staðan ljós og dettur til jarðar. Slíkt hið sama gerðist hjá mér tveimur dögum síðar.

Lára Sóley Jóhannsdóttir, fiðluleikari og verkefnastjóri í menningarhúsinu Hofi

Eins og stríð væri fram undan

Hinn 6. október 2008 gleymist seint. Setningar og orð á borð við Guð blessi Ísland, upplausnarastand, neyðarlög, áfall, ótti og angist sem fram komu í ræðu þáverandi forsetisráðherra eru ógleymanleg.

Á gólfinu með soninn

Ég var nýkomin heim úr vinnunni og sat á gólfinu með eins árs son minn og horfði á sjónvarpið. Mér leið svolítið eins og mér hefði verið tilkynnt að það væri hafið stríð. Mér leið óraunverulega, var óörugg og ringluð. Um-ræða undanfarinna daga hafði gefið falskar vonir um að ástandið væri ekki svo slæmt.

Ég bjó í nýrri íbúð sem ég og maðurinn minn keyptum haustið 2007. Á þessum tíma var ég búin að vera búsett á Íslandi í um tvö ár eftir fimm ára dvöl við nám í Bretlandi. Þegar við fluttum heim til Íslands bjuggum við í 45 fm blokkaríbúð, áttum lítinn bíl og engan flat-skjá. Ég var ánægð með lífið og fannst algjör forréttindi að búa í húsi þar sem var enginn raki og ekki hætta á að fá mýs eða rottur. Ég var hins vegar ótrúlega fljót að aðlagast sam-félaginu sem við vorum flutt í. Það þurfti ekki mörg matarboð og heimsóknir til vina til þess að samfélagið hefði þau áhrif á mig að mig var farið að vanta stærri íbúð, betri bíl og flatskjá.



Eignast allt

Þegar ég hlustaði á forsætisráðherrann hinn 6. október 2008 hafði ég „eignast“ þetta allt, stærri íbúð, betri bíl og flatskjá. Þennan dag þakkaði ég fyrir að við höfðum tekið hefð-bundið lán hjá Íbúðarlánasjóði og borgað út 20% af íbúðinni þrátt fyrir að hafa verið ráðlagt af fasteignasalanum að taka erlent lán og aukalán svo við ættum meira lausafé til þess að innrétta. „Það gera það allir á ykkar aldri,“ sagði hann.

Í dag velti ég því þó stundum fyrir mér hvort við værum kannski betur sett fjárhagslega ef við hefðum farið þessa áhættu-sömu leið – að minnsta kosti eru þeir pen-ingar sem við áttum upphaflega í íbúðinni horfnir.



Sigurður Anton Ólafsson, vefstjóri og hönnuður

Allt lakkið búið

Ég man að tveim vikum áður en Geir bað Guð að blessa Ísland var ég að ræða við parkettlakkara og bíla-sprautara, sem var að sprauta fyrir mig Lucio-spegla (Lucio Wall Lamp). Þetta var viku áður en Glitnir féll en til stóð að framleiða speglana hér á landi og flytja þá út.

Undarlegt

Hann sagði eitthvað undarlegt í gangi, hvergi væri hægt að fá parkettlakk og það væri þurrð á ýmsum iðnaðarvörum. Þetta hafði hann aldrei séð og hann hafði sterklaga á tilfinningunni að eitthvað meiriháttar væri í aðsigi. Ég fann að það var ótti

í röddinni og á mig leituðu hugsanir um að kannski þyrftum við að fara niður á höfn að stunda vöruskipti við erlend kaupskip. Það fór dálítið um mig við tilhugsunina. Eins og við værum að fara að lifa aftur upp á gamla mátann.

Viku síðar féll Glitnir og tveim vikum síðar voru sett neyðarlög, þegar Geir bað Guð að blessa Ísland.

Slóst í hópinn

Þá var ég kominn nokkuð yfir þennan ótta. Útflutningsráð auglýsti svo eftir frumkvöðlum í verkefnið ÚH, Útflutningsaukning og Hagvöxtur. Ég slóst í hóp með þeim og nokkrum frumkvöðlum og lét framleiða og selja speglana erlendis, meðal annars á Spáni og í Svíþjóð. Í prógramminu var bannað að segja k-orðið (kreppa) og menn héldu ótrauðir áfram þrátt fyrir allt neikvæðnis-hjal. Framleiðslan gekk vel, nokkur eintök komu þó með þínulitlum rispum í og flutti ég þau heim til að selja unnendum góðrar hönnunar á hagstæðu verði.

Ánægjulegir uppgangstímar

Um vorið fór ég svo að starfa hjá Icelandair og hef fylgst með uppgangi þessa merkilega félags á síðustu árum. Þar upplifði ég öskukrísuna, gosið í Eyjafjallajökli, sem mér þótti ögn skelfilegra en bankahrunið, en gosið reyndist á endanum mikil blessun og var aðdáunarvert að sjá hvað allir stóðu saman við að láta hlutina ganga upp.

Þetta ár varð ég þrítugur og setti fókusið inn á að lifa lífinu meira úti á landi og finna mér alls kyns ný verkefni, að gerast nokkurs konar Yes Man eins og í bíómyndinni með Jim Carrey. Frábær mynd og heimspeki sem ég mæli með að allir horfi á og tileinki sér. Meðal þess sem ég gerði var að fara í gegnum strangt tveggja vetra prógramm Flugbjörgunarveitarinnar. Eitt af minnistæðari atvikunum þar var þegar ég hafði selt konu spegil á Spáni. Þetta var ein af fyrstu erlendu sölunum og gekk ég frá henni í tölvupósti í Nokia-síma, í tjaldi í Tindfjöllum, rennblautur eftir heilan dag í rötunaræfingum með áttavita og kort. Ég man að mér leið gríðarlega vel, enda að uppskera eftir mikið hark frá hrunvetrinum mikla.

Geir á að vera stoltur af ummælum sínum

Mér finnst Geir ekki hafa átt að vera feiminn heldur stoltur af ummælum sínum. Það hefur enginn náð að afsanna tilvist Guðs og tel ég víst að trúin á Jesú hafi verið þjóðinni til blessunar gegnum árin og verði það áfram. Það eru alltaf opnar dyrnar hjá Guði almáttugum, maður þarf bara að bjóða honum inn, eins og góðum vini, hann ryðst ekki inn á neinn.



Gréta Ingbórsdóttir, fyrrverandi aðstoðarmaður Geirs H. Haarde

Einn sagðist geta reddað láni frá Chavez

Ég var í myndverinu með Geir H. Haarde þegar hann flutti ávarp sitt til þjóðarinnar. Ég var búin að vera aðstoðarmaður hans frá miðju ári 2007 og dagarnir á undan höfðu verið þeir annasömustu sem við höfðum átt. Stöðug fundahöld frá Glitnishelginni svokölluðu sem leiddu til setningar neyðarlaganna og gríðarlegt álag vegna fyrirspurna sem bárust ráðuneytinu úr öllum áttum.

Gerði grein fyrir stöðunni

Geir ávarpaði þjóðina síðdegis mánudaginn 6. október til að gera henni grein fyrir stöðunni sem menn stóðu frammi fyrir og um kvöldið mælti hann fyrir neyðarlögum og þau voru samþykkt. Sama kvöld var haldinn blaðamannafundur í Alþingishúsinu en það hafði verið verkefni okkar aðstoðarmanna og framkvæmdastjóra stjórnarflokkanna, með aðstoð frábærra fagmanna, að leggja

línur um það hvernig upplýsingagjöf til almennings yrði hagað. Við fundum vel fyrir þörfinni og henni var mætt með því að birta jafnóðum allar upplýsingar sem áttu erindi við almenning á vefnum island.is og með því að stórefla borgarþjónustu utanríkisráðuneytisins. Þangað var fyrirspurnum beint og þeim svarað eftir bestu getu. Þess utan var mikill metnaður fyrir því að veita fjölmiðlum, bæði innlendum og erlendum, góðar upplýsingar og var það meðal annars gert með blaðamannafundum í Iðnó og síðar Ráðherrabústaðnum.

Var öruggur í framkomu

Forsætisráðherra kom þar fram af miklu öryggi og gat vegna þekkingar sinnar á efnahagsmálum og tungumálakunnáttu rætt við fjölmiðlamenn frá öllum löndum, marga á þeirra eigin tungu. Eftir einn blaðamannafundinn í Iðnó fór Geir til dæmis í viðtöl á sex erlendum tungumálum. Sérstök þjónustumiðstöð var opnuð fyrir erlenda fjölmiðlamenn í Miðbæjarskólanum og reynt að auðvelda þeim störf sín eftir fremsta megni.

Þrátt fyrir alla þessa viðleitni held ég að gera hefði mátt enn betur í upplýsingagjöf því eftirspurnin var ómæld.

Ég skráði því miður ekki skipulega hjá mér það sem ég upplifði haustið 2008 og margt hefur orðið gleymaskunni að bráð.

Álagið gleymist ekki

Álagið þessa daga og vikur gleymist þó ekki eða andrúmsloftið sem þrungið var vitneskjunnunni um það hvað var undir og hversu miklu skipti að vel tækist til. Einnig eru eftirminnilegir sumir bjargvættirnir sem bönkuðu upp á í forsætisráðuneytinu og vildu selja þjónustu sína í ýmsum myndum – einhverjir sjálfsagt af góðum hug. Nokkrir buðust til að hafa milligöngu um fyrirgreiðslu og einn sagðist meira að segja geta reddað láni frá Hugo Chavez. Skyldi staðan vera önnur ef maður hefði fylgt því eitthvað eftir?



Smelltu til að horfa á ávarp
Geirs H. Haarde í sjónvarpi
6. október 2008

Ósáttur á brettinu í World Class

Hrunið er mér mjög minnisstætt, enda reyndist það örlagavaldur í mínu lífi eins og svo margra. Ég flutti heim til Íslands í ágúst 2008 eftir að hafa stundað MBA-nám við Harvard Business School – fullur tilhlökkunar að takast á við næstu verkefni. Ég hafði verið frumkvöðull allan minn starfsferil og áður stofnað tvö hugbúnaðarfyritræki og var með nokkuð mótaða hugmynd að því þriðja, sem á endanum varð Meniga. Ég hef hins vegar vítt áhugasvið og hafði ákveðið að prófa að starfa í fjármálagæiranum, sem virtist ganga svo vel þrátt fyrir tímabundna erfiðleika.

Ég átti að hefja störf 1. október hjá íslenskum vogunarsjóði en eftir fall Lehman Brothers var starfið ekki lengur til staðar. Ég man eftir mörgum símtölum og SMS-um til tilvonandi yfirmanns míns sem erfitt var að ná í – en hringdi þó að lokum til að tjá mér að það væri ekki lengur grundvöllur fyrir því að bæta við fólki – og skildi ég



þá afstöðu vel. Fjárhagsstaða mín var ekki beysin eftir dýrt nám og við tók örvæntingarfull leit að nýju starfi. Mér tókst að ráða mig til Glitnis hinn 2. október (eftir þjóðnýtingu en fyrir fall) í sérstakt verkefni sem gekk út á að fylgja fordæmi hinna bankanna og setja kraft í erlenda innlána-söfnun – og var þar með líklega síðasta ráðning Glitnis. Ég þóttist þó vita að það væru umtalsverðar líkur á að bankinn myndi falla og

eftir á að hyggja er ég auðvitað dauðfeginn að hafa ekki verið bendlaður við erlenda innlána-söfnun íslensks banka. Það var mjög sérstakt að verða vitni að falli bankans innan frá og þeim sterku tilfinningum sem brutust fram hjá starfsfólkinu, án þess að hafa sjálfur myndað þar nein tengsl enda mætti ég bara til vinnu í þrjá daga.

Mér eru sérstaklega minnisstæð mismunandi viðbrögð starfsmanna dagana á eftir ræðu forsætisráðherra þegar þeim var ljóst að spilið væri búið. Leiðtogahæfni kemur hvað skýrast fram þegar áföll ber

að garði og það var traustvekjandi að sjá að margir tóku óvissunni með ró og tóku til óspilltra málanna við að skipuleggja næstu skref eða hjálpa öðrum að takast á við áfallið. Þarna mátti því finna góðar fyrirmyndir, ólíkt forsætisráðherra sem geislaði af ráðaleysi og undirstrikaði það með því að ákalla æðri máttarvöld í ræðu sinni eins og frægt er orðið. Ég man að ég fussaði og sveiaði þar sem ég hlustaði á hann á hlaupabrettinu í World Class. Ég tel að þar hafi glatast gullið tækifæri til að stappa stálinu í landsmenn og minna á að hrun bankanna, þótt stórir væru, væri enginn heimsendir og léttvægur atburður í samanburði við áföll á borð við stríð og kreppuna miklu sem fyrri kynslóðir þurftu að kljást við. Þrátt fyrir tímabundið bakslag yrði Ísland áfram ríkt land og með yfirveguðum aðgerðum, á borð við neyðarlögin,

myndi efnahagslífið ná sér með tímanum.

Eftir á að hyggja reyndist hrunið jákvæður orlagavaldur í lífi mínu. Ég helldi mér aftur í frumkvöðlastarfið og stofnaði Meniga, enda var nú stemning hjá bönkum fyrir lausnum sem hjálpa heimilum og margt af hæfileikaríku starfsfólki bankanna á lausu. Ég er afar stoltur af þeim árangri sem Meniga hefur náð og þeim 50 hálaunastörfum sem reksturinn hefur skapað til þessa. Uppbygging fyrirtækis er gríðarleg vinna en einn kosturinn var sá að hvorki ég né aðrir sem að því komu höfðu tíma til að horfa í baksýnispegilinn eða leita sökdólga. Það er nefnilega miklu skemmtilegra að horfa fram á við og reyna að byggja upp.


#Alltafaðlæra

Alltaf að læra

Stúdentakortið og Íslandsbanka Appið er allt sem þarf

Námsmenn fá góða þjónustu hjá Íslandsbanka og fullt af frábærum tilboðum með Stúdentakortinu. Ef þú skráir þig líka í Vildarklúbb Íslandsbanka opnast enn fleiri möguleikar og þú safnar punktum sem hægt er að breyta í t.d. peninga eða Vildarpunkta Icelandair.

Kynntu þér þjónustu og tilboð til námsmanna á islandsbanki.is



Skoða tilboð

Brot af því besta fyrir námsmenn



20% afsláttur í bíó
og meira popp og gos



Fartölvutilboð
frá Nýherja



50% afsláttur
í sund

Við bjóðum
góða þjónustu


Íslandsbanki

Afsakið, ríkið er lokað



BANDARÍKIN

Magnús Halldórsson
magnush@kjarninn.is

Starfsemi bandarískra ríkisstofnana og ýmissa smærri opinberra vinnustaða stöðvaðist í gær eftir að fjárheimildir bandaríska ríkisins runnu út. Öldungadeild Bandaríkjaþings felldi aðfaranótt þriðjudags frumvarp fulltrúadeildar þingsins um bráðabirgðafjárlög. Meginfyrirvarinn sem deilt er hversu lengi eigi að fresta gildistöku nýrra laga um sjúkra-tryggingar en Barack Obama forseti Bandaríkjanna, og stjórn hans, hafa ekki viljað fallast á þau skilyrði sem Repúblíkanar hafa sett.



Undir álagi

Barack Obama hefur verið undir miklu álagi að undanförunu en hann hvíkar hvergi frá því markmiði sínu að heilbrigðistryggingar verði í boði fyrir alla frá og með áramótum. Sá sem leiðir andstöðu Repúblíkana í málinu er John Boehner. Hann virðist vera tilbúinn að fórna pólitísku lífi sínu fyrir það eitt að koma í veg fyrir nýtt heilbrigðistryggingakerfi, oft nefnt Obamacare.

Miklar afleiðingar

Um 800 þúsund opinberir starfsmenn mættu ekki til vinnu á þriðjudaginn, þar af var tæplega helmingur í höfuðborginni Washington DC og nágrenni. Þar eru margar opinberar stofnanir og miðpunkturinn í stjórnsýslunni, með sjálft Hvíta húsið sem helsta djásn. „Vegna vandamála við fjármögnun ríkisins liggur þessi vefsíða niðri.“ Þessi skilaboð voru á vefsíðu Geimvísindastofnunar Bandaríkjanna, NASA, þegar blaðamaður hugðist leita þar upplýsinga um hvort starfsemi NASA yrði óskert þrátt fyrir deilurnar í þinginu. Svo var sem sagt ekki. Starfsemin stöðvaðist strax og öllu var lokað. Það sama var uppi á teningnum í dýragörðum, söfnum og þjóðgörðum. Öllu var lokað strax, enginn peningur til. Raunar

gætti áhrifanna líka langt út fyrir Bandaríkin vegna þess að starfsemi sendiráða Bandaríkjanna raskaðist strax. Hér á landi sendi sendiherra Bandaríkjanna, Luis Arreaga, forsvarsmönnum kvikmyndahátíðarinnar RIFF bréf og felldi niður hádegisverð sem hann ætlaði að halda í tengslum við hátíðina í gær, vegna þess að frumvarpið fór ekki í gegnum þingið.

Hvað gerist næst?

„Því lengur sem þessi staða verður uppi, þeim mun alvarlegri verða afleiðingarnar. [...] Þetta þurfti ekki að gerast, Repúblíkanar sköpuðu stöðuna með hugmyndafræðilegri



Stopp

Það er ekkert lítið mál þegar bandaríska þingið veitir ríkisstjórn ekki fjárheimildir til rekstrar stofnana. Þá ber öllum stofnunum að stöðva starfsemi tafarlaust.



Um fjöllum New York Times um deilumar

krossferð sinni," sagði Barack Obama á blaðamannafundi eftir að ljóst varð að stjórnvöld fengju ekki frekari fjárheimildir frá þinginu. Þessi staða kom síðast upp fyrir sautján árum í forsetatíð Bills Clinton. Þá stóð hún stutt og voru áhrifin óveruleg, meðal annars vegna þess að bandaríska hagkerfið var í uppsveiflu á þeim tíma og efnahagsumhverfið einkenndist af miklum vexti. Því er ekki fyrir að fara nú. Hagvöxtur í Bandaríkjunum mælist á bilinu 1–2 prósent og atvinnuleysi er í hærra lagi, um 7,5 prósent. Af þessum ástæðum þykir lokunin á fjárstreymi hins opinbera – eða raunar heimild til frekari skuldsetningar ríkissjóðs – vera alvarlegt mál og ljóst að ekki má langur tími líða þar til síga tekur á ógæfuhlið hagkerfisins.

Lög skulu standa

Ný lög um sjúkratryggingar, sem hafa verið kölluð Obamacare á ensku, eiga að óbreyttu að taka gildi um ára





mótin. Með lögnum verður 40 milljónum Bandaríkjamanna, sem í dag eru ekki með heilbrigðistryggingu, gert að kaupa sér tryggingu. Þegar hefur tryggingamarkaði á netinu verið komið upp þar sem markmiðið er að bjóða ódýrar heilbrigðistryggingar fyrir alla Bandaríkjamenn.

Lok, lok og læs

Víða var lokað hjá hinu opinbera eftir að lokað var á fjárveitingar til hins opinbera í byrjun vikunnar.



Hvað þýðir það að stöðva fjárveitingar til ríkisins? BBC skoðaði málið.

NEYÐARFUNDIR Í WASHINGTON

Valdamestu bankamenn heimsins mættu á fundi í Hvíta húsið í gærkvöldi. Þar á meðal var Llyod Blankfein, stjórnarformaður og forstjóri Goldman Sachs. Hann var þungur á brún er hann ræddi við blaðamenn. „Greiðslur verða að berast til fólks, við getum ekki látið fjárflæði stoppast,“ sagði Blankfein.

Obama segir að með þetta verði ekki bakkað. Lögin muni taka gildi, jafnvel þótt Repúblíkanar séu tilbúnir að „slökkva á ríkisvaldinu“ eins og Obama komst að orði. Hann sagðist ekki ætla að láta kúga sig og stjórn hans myndi ekki hvika frá því að sjúkratryggingarnar yrðu að lögum um áramót.

Lausnargjald

„Repúblíkanar eru í reynd að fara fram á lausnargjald,“ sagði Obama þungur á brún síðdegis á þriðjudegi, þegar ljóst var að deilan var komin í algjöran hnút í þinginu. Í kjölfarið sló hann af ferð sína til Malasíu, en þangað ætlaði hann í opinbera heimsókn og átti hann að vera aðalræðumaður á nýsköpunarráðstefnu í Kúala Lúmpúr hinn 11. október. Að mati fréttaskýrenda Wall Street Journal benda þessi orð Obama til þess að hann hafi verulegar áhyggjur af áhrifunum af því að stöðva rekstur hins opinbera, fyrst hann frestar heimsókn sem metin var sem mikilvæg og er ekki á dagskrá fyrir en eftir níu daga.

Fyrst og fremst er þessi djúpstæða deila þó álitin vera hneyksli fyrir bandaríska þingið fremur en stjórn Obama, samkvæmt fréttaskýrendum í bandarískum fagtímaritum. Það mun ekki ná virðingu sinni aftur fyrir en það hefur leyst deiluna.



**BLEIKA
UPPBOÐID**



Krabbameinsfélagið



TAKTU ÞÁTT Í BLEIKA UPPBOÐINU



**KAUPTU BLEIKU SLAUFUNA
BLEIKASLAUFAN.IS**

Skil batna en vopn yfirvalda bitlaus

32,5%
2008

35,2%
2009

42,1%
2010

42,4%
2011

49,3%
2012



Hefur þú lesið Kjarnann í iPad?

Sæktu Kjarnann
í App Store og
upplifðu hann í
sínun náttúrulegu
heimkynnum



Available on the
App Store



kjarninn

Tæplega helmingur skilaskyldra fyrirtækja á Íslandi hafði skilað inn ársreikningi síðastliðinn þriðjudag, hinn 1. október. Þá var liðinn mánuður frá því að lögbundinn skilafrestur var liðinn. Einungis 22,1 prósent fyrirtækja skilaði ársreikningi sínum áður en fresturinn rann út og því skilaði um helmingur þeirra sem hafa skilað inn reikningi honum of seint. Af þeim 16.106 ársreikningum sem komnir voru í hús á þriðjudag voru 464 óundirritaðir.

Skil á ársreikningum hafa batnað töluvert á undanförunum árum og stökkið sem varð í ár er umtalsvert. Fyrir árið 2008 hafði til að mynda einungis um þriðjung reikninga verið skilað inn í byrjun október árið eftir.

Skúli Eggert Þórðarson ríkisskattstjóri segir skilin vissulega vera að batna en að þau þurfi að batna enn frekar. „Það sem við teljum skynsamlegt er að leysa upp félög sem skila ekki ársreikningi. Við lögðum fram tillögu um það en það var lítil lukka með hana. Þáverandi viðskiptaráðherra og Samtök atvinnulífsins töldu farsælla að sekta meira. En sekt ein og sér hefur í raun engan tilgang. Í umferðarlögum er þetta til dæmis þannig að ef þú keyrir of hratt færðu sekt. Ef þú keyrir oft of hratt ertu sviptur ökuréttindum.“

Ætluðu í stríð gegn slöku viðskiptasiðferði

Kennitöluflakk og leynimakk með fjármál fyrirtækja hefur þótt nánast sjálfsagt í íslenskum atvinnurekstri. Stór rekstrarfélög með milljarða króna veltu hafa komist upp með að skila ekki ársreikningum árum saman án þess að yfirvöld hafi gert mikið í því.

Í fyrra ákvað atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið að skipa starfshóp sem fékk það hlutverk að skila tillögum að aðgerðum til að taka á þessum vanda. Í hópnum sátu fulltrúar frá Alþýðusambandi Íslands, Viðskiptaráði, Fjármálaeftirlitinu, Ríkisskattstjóra, Hagstofu Íslands og Sérstökum saksóknara. Í verklýsingu hópsins kom fram að á meðal meginviðfangsefna hans væri að skila tillögum um breytingar á heimildum skattayfirvalda til að afskrá og slíta

félögum sem skiluðu ekki ársreikningum. Steingrímur J. Sigfússon, þáverandi atvinnuvega- og nýsköpunarráðherra, sagði í samtali við Fréttablaðið í desember síðastliðnum að tilgangurinn með skipan hópsins væri meðal annars sá að grisja það sem hann kallaði „íslenska einkahlutafélagskóginn“. Vinnan væri líka hluti af stærri skoðun þeirrar ríkisstjórnar sem þá ríkti til að innleiða betra viðskipta-siðferði á Íslandi.

Starfshópurinn skilaði greinargerð 19. febrúar síðastliðinn. Þar var lagt til að þegar í stað yrði lagt fram frumvarp um breytingar á lögum um ársreikninga sem átti að laga skil á ársreikningum og gera það að verkum að þeim yrði skilað tímanlega. Á meðal þeirra breytinga sem lagðar voru til var ofangreind heimild um að slíta fyrirtækjum ef þau hefðu ekki skilað inn þremur ársreikningum í röð og tillaga um heimild til að sekta stjórnarmenn beint og persónulega ef fyrirtæki þeirra skiluðu ekki ársreikningi innan tiltekins tíma.

Samhliða var í vinnslu í þinginu frumvarp um breytingu á lögum um ársreikninga. Það var upphaflega lagt fram haustið 2012. Frumvarpið fékk síendurtekna umfjöllun í efnahags- og viðskiptanefnd, lagðar voru fram mýmargar breytingartillögur við það og breytingar á lögum voru á endanum samþykktar á Alþingi 21. febrúar 2013, tveimur dögum eftir að greinargerð starfshópsins var birt. Tillögurnar sem birtust í henni rötuðu ekki inn í lög.

Mörg félög slupu

Því er staðan þannig í dag, þrátt fyrir digurbarkalegar yfirlýsingar þeirra stjórnvalda sem voru við stjórnvölinn þegar lagabreytingarnar voru samþykktar, að úrræði gagnvart þeim fyrirtækjum sem skila ekki ársreikningum eru veik. Hægt er að vísa málum stærri fyrirtækja til meðferðar hjá skattrannsóknarstjóra. Til að teljast stórt fyrirtæki þarf hins vegar að uppfylla tvenn af þrennum stærðarmörkum: að eiga eignir sem nema meira en 300 milljónum króna, vera með rekstrartekjur sem eru meiri en 600 milljónir króna eða vera með yfir 50 starfsmenn.

Langflest einkahlutafélög á Íslandi er stofnuð utan um eignaumsýslu. Þau hafa því hvorki rekstrartekjur né marga starfsmenn. Einu viðurlögin sem hægt er að beita slík félög eru allt að 500 þúsund króna sekt árlega. Skili félagið ársreikningi innan 60 daga frá tilkynningu sektarfjárhæðarinnar er ársreikningaskrá heimilt að lækka að lækka sektarfjárhæðina um 60 prósent.

Augljóst hefur verið af slægum skilum margra áður fyrirferðarmikilla einkahlutafélaga, sem mörg hver skulduðu milljarða króna eftir bankahrunið og voru augljóslega orðin ógreiðslufær, að eigendur þeirra hafa frekar kosið að greiða sektina en að skila ársreikningum og upplýsa þannig um raunverulega stöðu félaganna. Fjárhagslegir hagsmunir þeirra af slíkum feluleik hafa verið miklir.

Bráðabirgðaákvæði um riftanir var nefnilega sett inn í lög um gjaldþrotaskipti eftir hrun, sem lengdi hefðbundinn riftunarfrést úr tveimur árum eftir frestdag í fjögur ár. Það ákvæði rann út um síðustu áramót. Þau félög sem náðu að „þrauka“ án þess að fara í þrot en færðu til eignir á árunum 2008, 2009 og 2010 eru því í vari með þá gerninga.

ÁHUGAVERÐ STÖRF Í BOÐI!

capacent

SÉRFRÆÐINGUR Í ÚRVINNSLU OG GREININGU GAGNA HJÁ CAPACENT

Langar þig að vinna hjá einu stærsta þekkingarfyrtæki landsins? Rannsóknarsvið Capacent leitar að öflugum sérfræðingi í úrvinnslu og greiningu gagna. Í starfinu felst m.a. almenn tölfraeðiúrvinnsla, greining gagna, skýrslugerð og þróunarvinna. Þú þarft að hafa brennandi áhuga á að vinna með töluleg gögn, búa yfir greiningarhæfni, mjög góðri almennri tölvukunnáttu, vera með háskólagráðu sem nýttist í starfi ásamt góðri færni í mannlegum samskiptum.

Umsóknarfrestur er til og með 9. október nk.

SKOÐA ÞETTA STARF NÁNAR

FLUOR®

VÉLAVEKFRÆÐINGUR (MECHANICAL ENGINEER) HJÁ FLUOR

Fluor Island hefur það að markmiði að þróa langtímasamband við viðskiptavini sína með það að leiðarljósi að bæta ferla, auka skilvirkni og hjálpa til við að bæta framleiðslugetu í verksmiðju Alcoa Fjarðaáls á Austurlandi. Fluor býður upp á heildarlausnir í verkefnastýringu og verkfræðiþjónustu, allt frá hugmyndavinnu til innleiðingar og eftirfylgni verkefna.

Umsóknarfrestur er til og með 17. október nk.

SKOÐA ÞETTA STARF NÁNAR

Microsoft

SKRIFSTOFU- OG MARKAÐSSTJÓRI HJÁ MICROSOFT Á ÍSLANDI

Microsoft er alþjóðlegt fyrirtæki með starfsstöðvar á Íslandi. Microsoft er eitt stærsta hugbúnaðar og lausnafyrirtæki í heiminum og teygir anga sína um allan heim. Skrifstofu- og markaðsstjórinn þarf að vera leiðtogi á sínu sviði, hafa til að bera mikið frumkvæði og metnað til að ná árangri í starfi. Skrifstofu- og markaðsstjórinn þarf einnig að búa yfir mikilli ögn og skipulagshæfni í verkefnum sem og sveigjanleika og frjórri hugsun.

Umsóknarfrestur er til og með 6. október nk.

SKOÐA ÞESSI STÖRF NÁNAR

capacent



Fyrirframgreiðsla úr „svigrúminu“

Fjárlagafrumvarpi Krufríð

EFNAHAGSMÁL

Pórður Snær Júlíusson
thordur@kjarninn.is

Ríkissjóður verður rekinn hallalaus á næsta ári samkvæmt fyrsta fjárlagafrumvarpi Bjarna Benediktssonar, fjármála- og efnahagsráðherra, sem lagt var fram á þriðjudag. Takist það verður það í fyrsta sinn frá árinu 2007 sem það gerist. Raunar á að vera hálf milljarðs króna afgangur þegar búið er að gera árið 2014 upp. Þessum árangri á að ná með niðurskurði, með því að hætta við fjölda verkefna og með því að auka tekjur. Tekjuaukningin er að mestu þrenns konar: tryggingagjöld skila meiru en í ár, skattar á tekjur og hagnað sömuleiðis og gjald á bankastarfsemi skilar 14,4 milljörðum króna meira en það mun gera í ár. Þar munar mestu um að



Það gjald, sem er hækkað töluvert á milli ára, mun líka ná til fjármálafyrirtækja í slitameðferð. Þau munu borga 11,3 milljarða króna af þessari upphæð.

Þannig er ríkisstjórnin byrjuð að nýta sér „svigrúmið“ margumtalaða, með því að leysa til sín íslenskar krónueignir þrotabúa Glitnis, Kaupþings og Landsbankans, til að brúa fjárlagagatið. Það svigrúm á einnig að nýtast til að borga fyrir þær skuldaniðurfellingar sem ríkisstjórnin hefur lofað, og talið er að kosti að minnsta kosti á annað hundrað milljarða, og til að lækka skuldir ríkissjóðs. Áætlaður vaxtakostnaður ríkissjóðs vegna skulda hans er áætlaður 85 milljarðar króna á þessu ári. Nýja frumvarpið gerir ráð fyrir að hann lækki en verði samt 76 milljarðar króna. Það eru um þrettán prósent af öllum útgjöldum hans á næsta ári. Bjarni hefur sagt að það verði forgangsatríði og meginþáttur í fjármálastefnu ríkisstjórnarinnar að lækka skuldir ríkisins og draga með því úr vaxtabyrði.

Nýjar tekjur

Tekjur ríkissjóðs voru áætlaðar 579,4 milljarðar króna í fjárlögum fyrir árið í ár. Úttekt nýju ríkisstjórnarinnar á þeim sýndi reyndar að þær verða um 32 milljörðum krónum minni og halli ríkissjóðs á þessu ári því 31,1 milljarður króna. Alls þurfa tekjur ríkissjóðs því að hækka um rúmlega 40 milljarða króna til að markmið fjárlaga fyrir árið 2014, að tekjur verði 587,6 milljarðar króna, standist.

Helsta aukningin kemur til vegna þess að tryggingagjald skilar 3,6 milljörðum krónum meira í ríkissjóð og skattar á tekjur og hagnað aukast um 8,4 milljarða króna. Þessi hækkun er fyrst og síðast vegna þess að frumvarpið gerir ráð fyrir hagvexti upp á 2,7 prósent. Það þykir mjög bjartsýn spá og aðilar vinnumarkaðarins hafa dregið raunhæfni hennar í efa.

Stærsti hluti nýrra tekna verður hins vegar vegna þess að bankaskattur var hækkaður úr 0,041 prósent í 0,145 prósent. Þá mun skatturinn einnig ná til þrotabúa gömlu bankanna og annarra fjármálafyrirtækja í slitameðferð. Þetta mun skila

15,5 milljörðum króna í kassann á næsta ári, sem er 14,4 milljörðum króna meira en í ár. Þar af koma 11,3 milljarðar króna frá bönkum í slitameðferð.

Minnkandi tekjur

Eignarskattar skila áfram sautján milljörðum króna og þar af verða stimpilgjöld 4,3 milljarðar króna. Langstærsti hluti þess tekjustofns er auðlegðarskattur, sem nam 9,1 milljarði króna. Hann verður hins vegar afnuminn á næsta ári. Þar er því tekjustofn sem mun hverfa ef fram sem horfir.

Veidigjaldið fyrir veiðiheimildir á að skila 9,8 milljörðum króna í ríkiskassann á næsta ári. Í fjárlögum ársins 2013 var gert ráð fyrir að það myndi skila 13,5 milljörðum króna.

Þá verður launaskattur á fjármálafyrirtæki lækkaður. Hann átti að skila 5,9 milljörðum króna í samneysluna í ár en fjárlagafrumvarpið gerir ráð fyrir að hann skili einungis 2,3 milljörðum króna á næsta ári. Arðgreiðslur frá fjármálastofnunum sem ríkið á hlut í eru áætlaðar minni á næsta ári en þær voru í ár. Á fjárlögum 2013 voru þær áætlaðar 12,2 milljarðar króna en eiga að verða 8,1 milljarður króna á næsta ári. Arðgreiðslur frá öðrum opinberum stofnunum, sem eru aðallega frá Landsvirkjun, dragast líka saman um 900 milljónir króna og eiga að verða 3,3 milljarðar króna.

Styrkir Íslands frá Evrópusambandinu vegna aðildarumsóknar að því, sem nú hefur verið sett á ís, lækka töluvert en verða enn til staðar á næsta ári. Í stað þess að fá 806 milljónir eins og í ár fær ríkið 216 milljónir króna frá Brussel árið 2014.

Þá vekur athygli að framlög til alþjóðastofnana aukast um rúmlega 500 milljónir króna. Þar munar langmestu um að framlög Íslands til þróunarsjóðs EFTA verða tæplega 1,4 milljarðar króna árið 2014, og hækka um 728 milljónir króna á milli ára. Þróunarsjóður EFTA er oft nefndur verðmiðinn inn á innri markað Evrópusambandsins. Frá því að Ísland og Noregur skrifuðu undir EES-samninginn hafa þau greitt í þennan sjóð, en Noregur greiðir þorra þeirrar upphæðar. Sjóðurinn úthlutar svo fjármagni til þeirra fimmtán



Fjárlagafrumvarp 2014
og fjárlög 2011-2013 hjá
Datamarket



Óvinsæll niðurskurður Þær niðurskurðaraðgerðir sem boðaðar eru í frumvarpinu hafa verið gagnrýndar úr mörgum áttum. Uppistöðuna í lækkun útgjalda er þó að finna í lægri vaxtakostnaði, sem minnkar um tæpa ellefu milljarða króna.

Evrópusambandsríkja sem standa verst í efnahagslegu tilliti. Markmiðið er að jafna samkeppnisstöðu þeirra á innri markaði EES með því að draga úr efnahagslegri og félagslegri misskiptingu innan svæðisins.

Niðurskurður

Útgjöld ríkissjóðs verða lækkuð um samtals 23 milljarða króna með margvíslegum aðgerðum. Þar munar mestu um endurskoðun á skilmálum skuldabréfs sem á að lækka vaxtakostnað um 10,7 milljarða króna. Um helmingur sparnaðarins kemur því með þeirri aðgerð.

Auk þess verður fallið frá ýmsum verkefnum sem fyrri ríkisstjórn hafði ætlað að ráðast í. Þeirra helst eru bygging Landspítalans (fær einungis 100 milljónir króna á næsta ári), bygging Húss íslenskra fræða og ýmis minni verkefni úr

fjárfestingaáætlun fyrri ríkisstjórnar. Þessar aðgerðir munu skila 5,8 milljörðum króna.

Þá verður skorið niður í framlögum til Háskóla Íslands (730 milljónir króna), til tækjakaupa fyrir Landspítalann (600 milljónir króna) og til Kvikmyndamiðstöðvar Íslands (404 milljónir króna).

Ýmsum embættum sem hafa vaxið mikið eftir hrun er gert að draga skarpt saman seglin. Þar ber að nefna Sérstakan saksóknara (290 milljóna króna niðurskurður), Fjármálaeftirlitið (236 milljónir króna) og Umboðsmann skuldara (lækka um 600 milljónir króna). Þá verður embætti Talsmanns neytenda, sem Gísli Tryggvason hefur gegnt um árabíl, sameinað Neytendastofu.

Framlög til niðurgreiðslu húshitunar á landsbyggðinni munu auk þess lækka um 74 milljónir króna á milli ára.

Aukinn kostnaður

Það er ekki bara niðurskurður á nýju fjárlögunum. Ýmsir fá meira en þeir fengu áður. Niðurgreiðslur til mjólkur-, sauðfjár- og grænmetisframleiðslu verða til að mynda 11,8 milljarðar króna á næsta ári og hækka um tæpar 500 milljónir króna á milli ára. Framlög til Bændasamtakanna hækka líka um 6,1 milljón króna og verða 491,1 milljón króna árið 2014.

Þjóðkirkjan kemur líka út í plús. Bein framlög til reksturs hennar, í kirkjumálasjóð, kirkjugarða, jöfnunarsjóð sókna og innheimt sóknargjöld, fara úr því að vera 4,9 milljarðar króna í 5,1 milljarð króna. Þá fær Hagstofan 233 milljónum krónum meira en í ár, sem er aukning upp á 36 prósent milli ára.

Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu fær aukna fjárveitingu upp á 163 milljónir króna, sendiráð Íslands á erlendri grundu fá rúma þrjá milljarða króna, sem er aukning upp á um 200 milljónir króna, og Íbúðalánasjóður heldur áfram að kosta íslenska ríkið stórfé; á næsta ári mun hann þurfa 4,9 milljarða króna vegna afleitrar fjárhagsstöðu sinnar.

A photograph of a memorial altar. It features several lit white candles on a dark surface, with thick, translucent wax dripping down the front. A small red container is visible at the top. The background is a light-colored wall.

Harmleikurinn í Kenía



KENÍA

Jónas Haraldsson
Höfundur er
sérfræðingur í afrískum
stjórnámálum



Smelltu til
að lesa um
Al-Shabab

Talið er að minnsta kosti 67 manns hafi látið lífið í harmleiknum í Kenía laugardaginn 21. september síðastliðinn. Hryðjuverkasamtökin Al-Shabab lýsti ábyrgðinni á hendur sér og sagði árásina vera hefndarverk vegna framgöngu keníska hersins í Sómalíu.

Árásin hófst á hádegi, á háannatíma í Westgate-verslunarmiðstöðinni. Fólk var í hádegismat, að sækja tíma hjá læknum, á leiðinni í kvikmyndahús, að taka þátt í matreiðslukeppni barna sem fram fór í bílastæðahúsinu eða einfaldlega að versla.

Umsátrið um verslunarmiðstöðina stóð hátt í fjóra daga. Árásarmennirnir drápu fólk þegar þeir komu inn og héldu sumu fólki sem gíslum. Þeir notuðu handsprenjur og hríðskotabyssur og í dag er talið að þeir hafi leigt sér verslunarrými til þess að geyma þar vopn og skotfæri.

Sérstök hryðjuverka- og gíslatökusveit keníska hersins fór gegn árásarmönnum, í sitt fyrsta verkefni, og handsamaði tíu þeirra en talið er að fimm þeirra hafi fallið í umsátrinu.

Leyniþjónusta keníska ríkisins varaði yfirvöld við mögulegum aðgerðum Al-Shabab fyrir allt að einu ári. Fyrir stuttu hafði síðan sérstaklega verið varað við árásum í september og gáfu upplýsingar frá ísraelsku leyniþjónustunni til kynna að árásir væru mögulegar á húsnæði eða fyrirtæki í eigu Ísraela – sem Westgate-verslunarmiðstöðin var að hluta til. Yfirvöld í Kenía segjast engu að síður ekki hafa hunsað viðvaranir leyniþjónustunnar og að komið hafi verið í veg fyrir fjölmargar árásartilraunir. Það mun væntanlega koma í ljós í væntanlegri rannsókn þingsins á málinu.

Í kjölfar harmleiksins búast Keníabúar við aðgerðum gegn spillingu – en talið er að árásarmennirnir hafi greitt mútur til ýmissa aðila til olnbogarýmis við undirbúning árásarinnar – og auknum öryggisaðgerðum. Þá hefur Uhuru Kenyatta, forseti landsins, lýst því yfir að Kenía muni ekki draga herlið sitt út úr Sómalíu.



Persónulegt áfall

Uhuru Kenyatta, forseti Kenía, varð fyrir persónulegum missi í árásinni þegar frændi hans og unnusta hans voru myrt. Hann sést hér flytja ávarp í jarðarför þeirra.



Smelltu til að lesa um samfélagsmiðla-væðingu hryðjuverka

Sómalía og alþjóðavæðing hryðjuverkasamtaka

Stjórnlaust hefur verið í meirihluta Sómalíu síðan 1991 er ríkisstjórn landsins var hrakin frá völdum. Í dag er við lýði ríkisstjórn studd af Afríkusambandinu, samstarfsaðilum þess og alþjóðasamfélaginu. Stjórnin hefur þó aðeins völd í höfuðborginni og stærstu borgum og bæjum – landsbyggðin er að miklum hluta til á valdi hinna ýmsu öfgasamtaka. Og hafa þau eins mismunandi markmið og þau eru mörg. Al-Shabab samtökin eru þeirra á meðal og hafa stefnt að því að komast til valda í Sómalíu til að stofna ríki byggt á bókstaflegri túlkun íslam. Í fyrra birti leiðtogi samtakanna ávarp á veraldarvefnum þar sem hann sór Al-Qaeda hollustu sína. Þá telur Al-Shabab alla sem berjast gegn markmiði þess vera óvini sína – og skotmörk. Til marks um það er hægt að benda á að árið 2011 komu bresk stjórnvöld höndum yfir USB-kubba frá háttsettum aðila innan samtakanna og á þeim var meðal annars að finna hugmyndir að árásum innan Bretlands, í ætt við árásina á Westgate.

Al-Shabab hefur í gegnum tíðina helst gert sjálfsmorðs



Smelltu til að lesa um Sómalíu

árásir utan Sómalíu. Árið 2010 létust til að mynda 74 í slíkri sjálfsmorðsárás í Úganda – en hún var gerð á stað þar sem sýnt var frá úrslitaleik heimsmeistarakeppninnar í knattspyrnu. Árásin á Westgate-verslunarmiðstöðina þykir því benda til breyttra áherslna samtakanna. Margir benda líka á frásagnir fórnarlamba um að konur hafi tekið þátt í árásinni – sem Al-Shabab hefur neitað – og að einhverjir árársarmannanna hafi verið af öðrum en sómölskum uppruna. Þá ræddi talsmaður samtakanna við fjölmiðla á fullkominni ensku og gaf til kynna að aðgerðum hefði verið stjórnað frá Sómalíu. Þykir það gefa til kynna að baráttan í Sómalíu sé farin að alþjóða- og nútímavæðast meira en hefur áður verið, en til frekara merkis um það nýtti Al-Shabab sér samfélagsmiðilinn Twitter meðan á árásinni stóð. Einnig hefur verið eftir því tekið að þeir sem hyggist heyja heilagt stríð horfi nú frekar til Sómalíu en Sýrlands.

Áhrif árásarinnar

Árásin mun breyta því hvernig alþjóðasamfélagið horfir til Sómalíu og málefna hennar. Afríkubandalagið hefur leitt aðgerðir þar í landi ásamt Eþíópíu, Úganda og Kenía. Lönd og samtök utan Afríku hafa treyst á þær til að halda öfgasamtökum í Sómalíu í skefjum en árásin á Westgate sýnir að verkefnið er erfiðara en margan grunar.

Bandaríkin hafa stutt aðgerðir Afríkubandalagsins í Sómalíu með þjálfun hersveita og nauðsynlegum búnaði. Þá hafa þau beitt sérsveitum í sértækum aðgerðum. Líkur má leiða að því að Bandaríkin muni, rétt eins og aðrir, fylgjast betur með þróun mála í Sómalíu og jafnvel auka við hlutverk sitt, þótt það verði líklegast aldrei jafn stórt og í upphafi tíunda áratugar síðustu aldar.

Þá munu Afríkusambandið og samstarfsríki þess reyna að styrkja stjórnvöld í Sómalíu enn frekar í baráttunni við öfgahópa eins og Al-Shabab.



Smelltu til að lesa um aðgerðir Afríkubandalagsins í Sómalíu



Trúðmálverk og trúðleikur

Nikhil Nathan Kirsh

4. -13. október

Opnun föstudaginn 4. október kl. 20


Raunverulegir trúðar verða við opnunina og tveir þeirra, karl og kona, munu sitja nakin fyrir hjá listamanni í trúðsham sem býður gestum inn í heim sinn. Öllum er frjálst að tala við hann og hann mun bregðast við með sínum hætti, án orða því hann kýs að tala ekki. Gestir mega gjarna teikna með honum og drekka með honum, en hann óskar eftir því að ekki séu teknar myndir.

GALLERÍ FOLD

Rauðarárstíg 14 • myndlist.is

GALLERÍ

Smelltu á myndirnar til að sjá þær stærri og lesa um augnablikin





Stjórnarkreppa á Ítalíu

Silvio Berlusconi, fyrrverandi forsætisráðherra Ítalíu, skipaði á dögunum ráðherrum flokks síns að segja af sér. Enrico Letta, forsætisráðherra í samsteypustjórn Frelsisflokks Berlusconi, demókrata og tveggja annarra flokka, óskaði eftir stuðningi þingsins þó svo að ríkisstjórnin væri fallin. Svo virðist hins vegar sem Berlusconi muni reyna allt til að bjarga eigin skinni þó að stjórnmalakerfi Ítalíu standi eftir í rúst.

Mynd: AFP





Sprengingar í Pakistan

Þessir tveir menn báru félagu sinn eftir að hann særðist í sprengjuárás á sunnudag í borginni Peshawar í norðvesturhluta landsins. Að minnsta kosti 31 fórst í árásinni, sem var sú þriðja mannskæðasta í Pakistan í vikunni.

Mynd: AFP





Öfgamaður í járnum

Nikos Michaloliakos, leiðtogi öfga hægriflokksins Gullinnar dögunar, var fluttur handjárnaður af grímuklæddum lögreglumönnum til saksóknara á laugardag eftir að gríska lögreglan handtók stjórn flokksins og tugi meðlima hans. Flokksmennirnir eru grunaðir um aðild að morði á vinstrisinnuðum tónlistarmanni. Handtökurnar voru gerðar aðeins einum degi eftir að Michaloliakos hótaði að lama gríska þingið með því að draga þingflokk sinn af þingi.

Mynd: AFP





Í pontu á Allsherjarþinginu

Benjamín Netanjahú, forsætisráðherra Ísraels, flutti erindi á Allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna á mánudag og fór hörðum orðum um Íransstjórn og kjarnorkustefnu hennar. Hann hefur áhyggjur af auknu stjórnmalasambandi Írana og Bandaríkjamanna og stefnu Baracks Obama Bandaríkjaforseta í Mið-Austurlöndum.

Mynd: AFP






Árleg uppskera á ítölsku Rivíerunni

Í bröttum hlíðum Cinque Terre-svæðisins í norðvesturhluta Ítalíu gekk þessi vínbóndi og hugaði að vínviði sínum. Nú er uppskerutíð á vínekrum á Ítalíu en ekrurnar í Cinque Terre eru einstakar vegna þess í hve miklum bratta þær eru, nálægt sjó svo að fínum og söltum sjávarúða rignir reglulega yfir vínviðinn. Brattinn gerir það að verkum að uppskeruna verður að sækja með handafli því erfitt er að koma þungum vélum í hlíðarnar.

Mynd: AFP





VIÐMÆLANDI VIKUNNAR Jón Gnarr, borgarstjóri Reykjavíkur

Mun tilkynna um framboð í Tvíhöfða

VIÐTAL

Pórður Snær Júlíusson
thordur@kjarninn.is

Jón Gnarr er ekki allra. Hann hefur aldrei verið það. Íslendingar hafa vanalega skipst algjörlega í tvo hópa gagnvart honum. Annaðhvort elska þeir hann eða þola hann ekki. Þannig var það á meðan hann var í Tvíhöfða og Fóstbræðrum. Undantekningin var kannski Vaktaseríurnar. Samt ekki. Þjóðin elskaði þættina en þoldi ekki persónu Jóns, Georg Bjarnfreðarson, sem var holdgervingur margra þeirra leiðinlegustu eiginleika sem manneskjunni er tamt að tileinka sér. Samt skein í mannlegheitin og fólk þótti vænt um Georg, þótt það hafi ekki þolað hann.

Fyrir tæpum fjórum árum tilkynnti Jón síðan að hann langaði í þægilega innivinnu og væri að hugleiða að stíga inn á svið stjórn mála. Reykjavíkurborg varð fyrir valinu sem vettvangur og vopnaður loforði um að svíkja öll kosningaloforð, íslenskuðum Tínu Turner slagara og áður séðum óútreiknanleika rúlluðu Jón og Besti flokkur hans upp borgarstjórnarkosningunum 2010 og hann settist kjölfarið í stól borgarstjóra. Þessa sögu þekktu auðvitað allir.

Sjálfstæðismenn flýja til Besta

Nýjar skoðanakannanir benda til þess að borgarþúar séu ánægðir með hvernig til hefur tekist. Besti flokkurinn mælist með kjörfylgi og er stærsta stjórn málaafl borgarinnar. Jón segir það fyrst og fremst sýna að flokkurinn hafi verið að vinna gott starf. „Svo hefur það merkilega gerst að það hefur ríkt áður óþekktur pólitískur stöðugleiki í Reykjavíkurborg, sem hefur ekki gerst mjög lengi. Samstarf Besta flokksins og Samfylkingar hefur gengið nokkurn veginn hnökkralaust fyrir sig, sem er alls ekki sjálfgefið. Okkur hefur auðvitað verið legið á hálsi fyrir að vera útibú frá Samfylkingunni. En ef rýnt er í þessa nýjustu könnun sést að sá flokkur sem er að missa mest fylgi yfir til Besta flokksins er Sjálfstæðisflokkurinn. Það mætti því með réttu segja, út frá sömu forsendum, að við værum útibú frá Sjálfstæðisflokknum. Þegar sannleikurinn er náttúrulega sá að við erum ekki útibú frá neinum. Við eigum okkur sjálf.“

JÓN GNARR UM EINELTI

„Ég sagði einhvern tímann frá því að ég hefði upplifað ofbeldi og einelti á fundi í Grafarvog. Um daginn sagði ég frá því á Facebook að ég væri þeirrar skoðunar að pabbi minn hefði orðið fyrir ákveðinni tegund af einelti. Í bæði skiptin hef ég verið sakaður um að gengisfella hugtakið einelti. En hvað fær fólk til að skilgreina einelti sem hugtak? Einelti er bara ofbeldi á sama hátt og nauðgun. Það er ekki til neitt nauðgunarhugtak. Ef manneskja telur að sér hafi verið nauðgað þá er ekki talað

um að hún sé að gengisfella nauðgunarhugtakið. Þetta er bara kjaftæði. Ef ég upplifi einelti þá ber að skoða það, en ekki að fara bara að þvaðra um gengisfellingar. Þetta er ákveðin leið til þöggunar og málsbóta sem er röng og við megum ekki kaupa svona bull. Ef einhver telur sig hafa orðið fyrir ofbeldi ber okkur að skoða það en ekki að gera lítið úr því. Slíkt leiðir okkur yfirleitt í ógöngur með óþarflega miklum sársauka fyrir mjög marga.“

Auk friðar hefur einnig ríkt mikil þverpólitísk samstaða um ýmis mál innan borgarstjórnar Reykjavíkur. Það vakti til að mynda mikla athygli þegar nýtt aðalskipulag var samþykkt af fulltrúum allra flokka og með þrettán af fimmtán greiddum atkvæðum. Einungis Kjartan Magnússon og Júlíus Vífill Ingvarsson, tveir af fimm borgarfulltrúum Sjálfstæðisflokksins, sátu hjá. Jón segir að samstarfið við minnihlutann hafi að mestu gengið vonum fram. „Samvinna og samræður í fagráðum borgarinnar hafa gengið alveg gríðarlega vel. Þetta hafa verið, að mestu leyti, mjög ánægjuleg og heilbrigð samskipti, sem er ekki sjálfgefið í stjórnámálum. Það sjáum við til dæmis á Alþingi. Samskiptin þar virðast hvorki vera ánægjuleg né heilbrigð. Við höfum sýnt fólki í öðrum flokkum, eða allavega reynt að sýna, virðingu. Með því sem við höfum gert og staðið fyrir á kjörtímabilinu höfum við sömuleiðis áunnið okkur traust og virðingu þess. Líkt og við vorum mjög opinská með fyrir kosningar nálgumst við þetta verkefni full af trausti. Við treystum því að fólk innan kerfisins, embættismenn og stjórnálamenn, sé þangað komið til að vinna vinnuna sína og við treystum því að allir séu að reyna að gera sitt besta. Við göngum út frá því þangað til eitthvað bendir til annars.“

Vond stjórnýsla

Jón hefur verið bæði harðlega gagnrýndur og honum hælt fyrir að útvista verkefnum til sérfræðinga innan



Traust og virðing
„Við höfum sýnt fólki í öðrum
flokkum, eða allavega reynt að
sýna, virðingu.“



JÓN GNARR UM HÖRPU

„Forsendur þessa verkefnis brustu algjörlega við efnahagshrunið og í því miðju stendur húsið hálfklárað. Sú ákvörðun var tekin fyrir mína tíð að ríki og borg sameinuðust um að klára það. Ég hafði blendnar tilfinningar gagnvart því þá. Svo þegar ég kynnti mér málið sá ég að það var ekkert annað hægt að gera í stöðunni. Það skipti máli að það næðist sátt um húsið. Að þetta yrði ekki einhver snobbhöll heldur hús alþýðunnar sem fólk

gæti komið inn í og verið stolt af. Mér finnst það hafa tekist og að fólk sé almennt mjög ánægt með Hörpuna. Hún mun standa eftir okkar daga og er þegar orðin eitt af helstu kennileitum Reykjavíkur. Það að láta húsið standa sem einhvers konar minnismerki um hrunið er ómurlæg og nóturleg tilhugsun sem allir yrðu bara daprir af. Auk þess var það metið svo, á sínum tíma, að það yrði jafnvel dýrara að rífa húsið en að klára það.“

borgarkerfisins. Pólitískir andstæðingar hans segja hann einfaldlega hafa fært öll verkefni borgarstjóra yfir til embættismanna, og hann sé því í raun óþarfur, á meðan stuðningsmenn benda á að þeir sem hafi þekkingu og reynslu af einstökum málaflokkum séu nú meiri þátttakendur í ákvörðunum á þeirra sérsviði en nokkru sinni fyrr. Að mati Jóns er það traust sem hann hefur sýnt embættismönnum einn af helstu lyklunum að velgengni Besta flokksins. „Það er ekkert alvald embættismanna í gangi hér heldur einungis meiri samvinna pólitískt kjörinna fulltrúa og embættismanna. Við þurfum að treysta og bera virðingu fyrir fólki. Ég hef alltaf notað þá samskiptaaðferð við fólk. Ég vinn eftir mjög svipuðum aðferðum sem borgarstjóri og ég gerði þegar ég vann við gerð Fóstbræðra- eða Vaktapáttanna. Ég hef ákveðið hlutverk, er í ákveðnu aðalhlutverki, en svo er fullt af fólki að gera alls konar annað, margir búnir að fjárfesta eða eiga annarra hagsmuna að gæta. Ef verkefnið gengur vel munu allir græða. Ef það gengur illa munu einhverjir tapa. Og líklega verður mér kennt um það, að því að ég er í aðalhlutverki. Menn mega alveg gagnrýna þessa aðferð og segja að hún sé ekki nógu góð. En þetta er mín aðferð og mér finnst hún virka best.“

Jón segir þetta vera nútímalega stjórnunarhætti. „Það sem við Íslendingar höfum liðið mjög fyrir, og verður svo augljóst þegar við skoðum Rannsóknarskýrslu Alþingis, úttektarskýrsluna um Orkuveitu Reykjavíkur og fleiri þannig skýrslur, er að fólk var alltaf í aðstæðum þar sem það var



Eftirlitsaðilar almennings
Jón segir að fagfólk verði að fá að koma að ákvörðunartöku. Stjórnámálemenn eigi mun frekar að vera eftirlitsaðilar almennings en „playerar“.

að taka ákvarðanir um hluti sem það hafði ekki vit á. Það er eiginlega niðurstaðan í þessum skýrslum. Fólk sem hafði ekki hugmynd um hvað það var að gera var samt að taka ofboðslega stórar ákvarðanir. Þær voru oft teknar í góðri trú og af mikilli fullvissu, en þetta fólk hafði hvorki þekkingu, menntun eða reynslu til að taka þessar ákvarðanir. Þetta er ekki góð stjórnýsla.

Sem borgarstjóri hef ég þurfti að fara á ráðstefnur víðs vegar á Norðurlöndunum. Þar hef ég veitt því athygli hvað stór hluti fulltrúa annarra höfuðborga er fagfólk en pólitískir fulltrúar eru í minnihluta. Meirihluti fólksins frá Íslandi er hins vegar alltaf pólitískir fulltrúar. Stundum hef ég hálf skammast mín. Þarna er fagfólk sem hefur mikinn áhuga á málefnum og hefur menntað sig sérstaklega í þeim. Á þetta fagfólk ekki að fá að segja neitt um ákvarðanir á sérsviði sínu? Á bara einhver jólasveinn eins og ég, sem er ekki einu sinni með stúdentspróf, að taka allar ákvarðanir einn? Auðvitað eigum við bara að viðurkenna að það eru aðrir sem vita meira en við um þessa hluti.

Þetta þarf að breytast og það munu verða pólskipti í þessu. Stjórnámálemenn eiga að vera eftirlitsaðilar almenn

ings, ekki „playerar“ eins og þeir halda oft að þeir séu. Þeirra hlutverk er stefnumótun og eftirlit.“

Hættulegasti stjórnmálamaður á Íslandi

Jón telur gagnrýnina sem hann fær fyrir stjórnunarhætti sína að einhverju leyti vera vegna þess að pólitískir andstæðingar hans viti ekkert hvernig þeir eigi að nálgast hann. Þess vegna hengi þeir sig í þannig hluti. „Í fullri einlægni, og án þess að vera Jón frá Sjálfshóli, þá er ég líklega hættulegasti maðurinn sem er í stjórnmálum á Íslandi í dag. Ég held að flestir séu sammála um það. Og ég er ekki á Alþingi, heldur borgarstjóri. Vægi borgarstjóraembættisins er orðið miklu meira en það var og það eykst dag frá degi. Áður var þetta skrautfjaðravinna sem menn gegndu áður en þeir gerðust ráðherrar.

Ég hef oft líkt Sjálfstæðisflokknum við kvikmyndina *The Ghost*. Hann er eins og Patrick Swayze, sem leikur mann sem veit ekki að hann er dáinn. Þá er ég ekki endilega að tala bara um Sjálfstæðisflokkinn heldur þessa tegund af hugsunarhætti. Ég líki líka sjálfum mér oft við geimveruna í *Predator*-myndinni. Enginn veit einhvern veginn hvernig á að díla við hana nema Arnold Schwarzenegger. Það var einn Arnold Schwarzenegger á Íslandi en hann er orðinn of gamall fyrir þetta. Hann vildi óska sér að hann væri Schwarzenegger en hann bara er það ekki.“

Þarna á Jón augljóslega við Davíð Oddsson, ritstjóra *Morgunblaðsins*. Blaðið hefur haldið uppi harðri gagnrýni, að mati sumra árásum, í ritstjórnarskrifum á Jón allt frá því að hann settist í stól borgarstjóra. Þar er hann aldrei kallaður því nafni sem hann tók sér, Jón Gnarr, heldur alltaf skrifaður Jón Gunnar Kristinsson. Jón segir þessa gagnrýni og ritun á nafni hans ekki trufla sig neitt. Þvert á móti séu skrif *Morgunblaðsins* honum til mikillar gleði. „Mér finnst þetta alltaf skemmtilegt. Auðvitað er alltaf eitthvað sem kemur öðru hvoru í fjölmiðlum sem truflar eða stuðar mig. Það hefur alltaf verið þannig. En *Morgunblaðið* er pólitískt mál gagn Sjálfstæðisflokksins. Mbl.is er það líka þótt menn reyni að

JÓN GNARR UM SELTJARNARNES

„Seltjarnes er fyrir Reykjavík eins og þú eigir íbúð og ríki frændi þinn eigi íbúð við hliðina á þér þar sem er innangengt í þína. Hann hefur engar skyldur gagnvart þinni íbúð en getur gengið inn í hana á skítugum skónum og étið úr ísskápnum þegar hann vill vegna þess að hann keypti íbúðina með þessum réttindum. Að sama skapi keyptir þú þína íbúð með þessum vankanti. Þetta setur þig og frænda þinn í sérkennilega stöðu.

Það er ekkert útigangsfólk á Seltjarnarnesi. Þar

er mjög lítil félagslegur vandi, lág glæpatíðni og mikil nálægð við náttúru. Þetta eru lífsgæði sem allir eiga að fá að njóta, ekki bara þeir sem hafa efni á að kaupa sér þau. Það er líka ekkert leikhús á Seltjarnarnesi. Það er engin Sinfóníuhljómsveit Seltjarnarness. Það er hins vegar til staðar í Reykjavík og er, ásamt alls konar annarri þjónustu, niðurgreitt af borginni. Það er því mjög ósanngjarnt að ríkt fólk nýti sér þjónustuna án þess að borga fyrir hana.“

halda því fram að það séu einhver skil þar á milli. Þetta eru bara mismunandi hliðar á sama peningnum.“

Flugvallarmálið pólitískur tilbúningur

Tæplega 70 þúsund manns skrifuðu nýverið undir undirskriftasöfnun á síðunni Lending.is sem sett var á laggrinnar af stuðningsmönnum þess að Reykjavíkflugvöllur verði áfram í Vatnsmýrinni. Skoðanakannanir sem gerðar hafa verið að undanförunu benda auk þess til þess að yfirgnæfandi stuðningur sé við þann ráðahag hjá borgarþúum, og raunar landsmönnum öllum.

Spurður hvort sitjandi meirihluta sé stætt að því að hunsað þessa stöðu segir Jón svo alls ekki vera. „Við erum alls ekki að hunsað. Við berum mikla virðingu fyrir lýðræðislegum rétti fólks til að tjá sig og koma sínum skoðunum á framfæri. En þetta er flókið mál og ólíkir hagsmunir.

Flugvallarmálið er, að mörgu leyti, tilbúið í pólitískum tilgangi og er ekki það stóra hitamál sem látið er. Framsetningin á kostunum í þessari umræðu fannst mér líka svolítið sérkennileg. Þetta var eiginlega sett fram sem tveir kostir: viltu flugvöll með öllu í Vatnsmýrinni eða viltu tortíma Reykjavík og öllu landinu með? En þetta er ekkert svona einfalt.“

Flugvöllurinn þarf að fara

Jón bendir á að flugvöllurinn sé hluti af aðalskipulagi Reykjavíkur. Auk þess hafi verið kosið um framtíð hans fyrir tólf

ns í iPad

aðeins í iPad

aðei

Jón Gnarr
útskýrði hvað hann
langar að gera þegar
hann hættir að vera
borgarstjóri.

Hlustaðu á
það í iPad-appi
Kjarnans



kjarninn



Available on the
App Store



Tekið hernámi

Jón segir flugvöllinn í Vatnsmýrinni mjög hagkvæman fyrir ríkið, enda hafi landið verið tekið hernámi og ríkið aldrei greitt krónu í leigu.

árum og þá hafi verið meirihluti fyrir því að hann færi. „Það er niðurstaða flestra sem skoða borgarskipulagsmál í Reykjavík af einhverju ráði að þessi flugvöllur þarf að fara. Hann þarf að flytjast. Við þurfum að byggja í Vatnsmýrinni vegna þess að það mun fjölga töluvert í Reykjavík og okkur vantar byggingarland. Vatnsmýrin er mjög ákjósanlegur staður til þess að byggja. Ef við byggjum ekki þar þarf að halda áfram að byggja langleiðina upp í Bláfjöll. Það mun þýða aukinn umferðarþunga, fleiri umferðarslys, meiri svifryksmengun, aukinn kostnað og svo framvegis. Við myndum í raun fara inn í ákveðin vítahring með því að horfast ekki í augu við þetta vandamál.

Það eru mjög valdamiklir aðilar sem tengjast þessari umræðu. Það er til dæmis mjög hagkvæmt fyrir íslenska ríkið, sem hefur aldrei borgað eina krónu í leigu fyrir þetta land sem var á sínum tíma tekið hernámi með mjög vafasömum hætti, að flugvöllurinn verði þarna á fram. Ég hvet fólk til að kynna sér málið frá öllum hliðum áður en það tekur afstöðu.“

Jón telur flugvallarumræðuna að mörgu leyti vera pólitískt mál sem dubbað sé upp fyrir kosningar og reynt að gera



að kosningamáli. „Það er enginn að tala um þetta nema þegar kosningar eru að nálgast. Þá fara allt í einu allir að hafa voðalega miklar skoðanir á flugvellinum. Fyrir síðustu kosningar sagði ég að ég hefði ekki hundsvit á þessu máli og hefði aldrei flutt flugvöll. Ég ætlaði því að afla mér upplýsinga um málið. Nú hef ég gert það, setið endalausa fundi um þennan flugvöll, og er algjörlega fullviss um það að þessi flugvöllur þarf að fara. Það er bara spurning hvert, með hvaða hætti og hvenær. En hann fer. Annað kemur ekki til greina.“

Vill sameina sveitarfélög

Í stjórnarsáttmála sitjandi ríkisstjórnar var meðal annars lagt upp með það markmið að afnema gólf á útsvari. Það myndi þýða að sveitarfélög með lágt þjónustustig gætu nánast hætt að rukka útsvarsskatt og lækkað skattbyrði íbúa sinna gríðarlega. Jóni finnst þetta hræðileg stefna. „Það að búa til skattaparadísir í sveitarfélögum finnst mér ömurleg tilhugsun. Með þessum tillögum er verið að skapa meira samfélag óréttlætis. Mér finnst þetta hræðilegt. Skelfileg tilhugsun. Þetta mun auka enn á elítisma og gerir það að verkum að fólk með háar tekjur mun geta haft það ennþá betra á kostnað hinna.

Ég hefði vilja að okkur hefði orðið meira ágengt í sameiningu sveitarfélaganna. Samvinna hefur aukist mikið á undanförunum árum en höfuðborgarsvæðið er eitt atvinnu-, íbúa- og þjónustusvæði. Að skipta því niður í svona margar einingar skapar vandamál og er ósanngjarnant, hagkvæmt fyrir suma en óhagkvæmt fyrir aðra. Það er verið að skapa búsetusvæði sem eru gerð fyrir hálaunað fólk sem byggir sína paradís á því að þiggja þjónustu frá fólki sem er ekki jafn ríkt og vel sett. Þess vegna myndi ég vilja sameina sveitarfélögin til að skapa meiri jöfnuð og samfélagslega ábyrgð.“

Framboð leyndarmál

En verður Jón Gnarr í framboði fyrir Besta flokkinn næsta vor?

„Það er leyndarmál.“

Ertu búinn að ákveða þig?

JÓN GNARR UM SJÚKRAFLUGSUMRÆÐUNA

Það má hugsa þetta svona: Þú ert á Flateyri og ert að vinna þetta viðtal. Svo færðu einhver eymsli í magann og ákveður að hringja í lækinn á Ísafirði. Hann er í skírnarveislu og segist ætla að renna á þig. Hann klárar kaffið sitt og kleinuna sína og er snöggur til þín. Það tekur hann kannski hálf tíma. Hann greinir þig og segir þér að þú sért með botnlangakast og að það þurfi að skutla þér suður í aðgerð. Hann hringir á sjúkrahúsið sem er ekki nema annan hálf tíma að koma og svo er hringt til Akureyrar, þar sem sjúkraflugði er. Þeir hafa klukkutíma til að undirbúa sig áður en þeir fara á loftið. Þú bíður eftir þeim í sjúkrahúsinu á meðan. Svo kemur

flugvélin frá Mýflugi og flýgur með þig til Reykjavíkur. Þarna eru líklega liðnir 4-5 klukkutímar að lágmarki áður en þú lendir á Reykjavíkflugvelli og þér finnst þú eðlilega vera helvíti kvalinn. Alveg að drepast. Þú ert drifinn upp á Landspítala og inn á skurðstofu og það síðasta sem þú manst er að þú sérd flúrljósin á skurðstofunni. Síðan vaknar þú og læk'nirinn heldur í hendina á þér og segir að það hefði ekki mátt muna einni mínútu, þá værir þú ekki hérna í dag. Og þú hugsar að þú eigir Reykjavíkflugvelli líf þitt að þakka. En þetta er ekkert þannig. Þetta er ákveðin dramatísk tilfinningasemi.“

„Nokkurn veginn.“

Er ekki heiðarlegast gagnvart kjósendum þínum að upplýsa um þá ákvörðun?

„Nei, ég áskil mér rétt til að tilkynna þetta þegar ég er allveg 100 prósent viss. Það verður í útvarpsþættinum Tvíhöfða á Rás 2, 30. október.“

Jón telur þó framtíð borgarmála bjarta. „Við erum að upplifa hnignun þjóðríkjafyrirkomulagsins. Það er að gerast úti um allan heim. Tiltrú almennings á stjórnvöldum er í sögulegu lágmarki á meðan tiltrú almennings á borgaryfirvöldum fer vaxandi. Fókusinn er að færast frá þingum til borga.

Þjóðríki virðast eiga í meiri erfiðleikum með samskipti nema um takmörkuð mál í þunglamalegu verklagi. Þau eru yfirleitt í deiluforni á milli þjóðríkja. En borgir eiga mun betur með að vinna saman. Þær eiga í lausnamiðaðari samræðum á meðan þjóðríki virðast leggja meiri áherslu á vanda-málasamræðu. Ég held því að borgarsamvinnan muni kollsteypa þjóðríkjum á endanum. Sveitarstjórnarvettvangurinn á miklu meiri framtíð en landsmálastjórnsmál. Ríkisstjórnir eru ekki framtíðin. Við sjáum það til dæmis hérlendis að traust á borgarstjórn hefur þrefaldast frá hruni en traust almennings á Alþingi er enn í sögulegu lágmarki.“



PISTILL

Stefán Eiríksson
Lögreglustjóri á
höfuðborgarsvæðinu

Gölluð lög sem þarfnast endurskoðunar

A undanförunum árum hafa miklar breytingar orðið í samgöngumálum á höfuðborgarsvæðinu. Sífelld bætist í hóp þeirra sem nota reiðhjól og ný samgöngutæki af ýmsum gerðum hafa bæst í hópinn. Þessi nýju tæki og þá einkum vél- eða rafknúin hjól hafa vakið spurningar um hvaða reglur gildi um notkun þeirra, þ.e. hvar má nota þau, hverjir mega það og hvaða skilyrði þarf að uppfylla. Í þessum pistli verður þeim spurningum svarað.

Hverjar eru reglurnar?

Samkvæmt umferðarlögum flokkast lítil vél- eða rafknúin ökutæki, sem hönnuð eru til aksturs frá 8 km og upp í 25 km á klukkustund, sem reiðhjól. Allar sömu reglur og gilda samkvæmt lögum og reglugerðum um reiðhjól eiga því við um þessi farartæki, að því frátöldu að samkvæmt umferðarlögunum er ekki heimilt að aka þessum tækjum á akbraut, meðan önnur reiðhjól mega vera þar. Þessi tæki, hvort heldur sem þau eru rafdrifin eða bensíndrifin, eru því einungis heimil á gangstéttum og stígum, hjálmaskylda á við um þau fyrir börn að 15 ára aldri og bannað er að reiða farþega nema þá ung börn í sérstaklega hönnuðu sæti, svokölluðum barnastól. Þessi hjól eru ekki skráningarskyld og ekki er skylda að tryggja þau líkt og á við um um önnur vél- og rafknúin ökutæki. Engin aldurstakmörk gilda um notkun þessara hjóla en í leiðbeiningum Umferðarstofu er ekki mælt með því að börn yngri en 13 ára noti slík hjól.

Hvers vegna eru reglurnar svona?

Þessar reglur hafa vakið spurningar hjá mörgum því þessi tæki eru oftast en ekki fyrirferðarmikil og geta þrátt fyrir hraðatakmarkanir farið hratt yfir á gangstéttum og stígum þar sem þau eiga heima, og falla því ekki alltaf vel að umferð gangandi vegfarenda. En af hverju er regluverkið svona? Ástæðan virðist vera sú að upp úr síðustu aldamótum fór að bera á áhuga fólks á að flytja inn til landsins vélknúin hlaupahjól. Miðað við gildandi lög var ekki unnt að flytja slík tæki inn nema sem skráningarskyld ökutæki og þar með var notkun þeirra bundin við akbrautir en bönnuð á gangstéttum og stígum. Til þess að bregðast við þessu var lögunum breytt árið 2004 og ákveðið að slík tæki, sem næðu allt að 15 km/klst. hraða, skyldu flokkuð sem reiðhjól og að notkun þeirra væri bundin við gangstéttir og stíga. Árið 2007 taldi Alþingi ástæðu til þess að útvíkka þessa skilgreiningu með því að hækka hámarkshraða þessara tækja upp í 25 km/klst. án þess að það væri rökstutt nánar.

Vandi við eftirlit

Undir þessa skilgreiningu laganna á reiðhjólum flokkast ekki einungis vélknúin hlaupahjól, sem raunar ber lítið á um þessar mundir, heldur einnig rafmagns- og vélknúin tvíhjól sem til eru í ýmsum gerðum og útfærslum. Af hálfu framleiðenda og seljenda þessara hjóla er í flestum tilvikum séð til þess að þau komist ekki hraðar en 25 km/klst. til að tryggja þessa flokkun hjólanna en auðvelt virðist vera að fjarlægja þann útbúnað í flestum tilvikum. Af útliti eða gerð hjólanna má heldur ekki ráða með augljósum hætti hvort þau eru búin þessum hraðatakmarkara og því getur eftirlit með þessu verið tafsaamt og snúið. Lögin fjalla heldur ekki um reiðhjól sem bæði er knúið áfram með stig- eða sveifarþúnaði, eins og það er kallað í lögunum, og með rafmagnsmótor. Hvort telst það hefðbundið reiðhjól eða rafknúin tæki, sem þar með er óheimilt að nota á akbrautum? Framangreind atriði og fleiri til gera eftirlit og eftirfylgni lögreglu með notkun þessara tækja erfitt svo ekki sé meira sagt.

Hvað er til ráða?

Ljóst er að löggjöfin á þessu sviði hefur ekki fylgt eftir þeirri þróun sem orðið hefur að undanförunu á sviði raf- og vélknúinna reiðhjóla. Breytingarnar sem gerðar voru á lögunum árið 2004 voru til þess að mæta ákveðinni tískubólu vegna vélknúinna hlaupahjóla en sú breyting og útvíkkunin 2007 opnaði fyrir notkun enn fleiri og fjölbreyttari tækja sem reiðhjóla, sem eru fyrir vikið ekki skráningarskyld og engar kröfur gerðar lögum samkvæmt um notkun hlífðarbúnaðar, ef frá er talin skylda til notkunar hjálma sem gildir þó einungis fyrir börn undir 15 ára aldri. Eðlilegt er að fjallað sé um þessi tæki með skýrum hætti í lögum, að undangengnu mati á því hvar megi nota þessi tæki, hvaða aldurstakmörk eigi að setja og önnur skilyrði, t.a.m. um hlífðarbúnað, tryggingar o.fl. Að mínu mati er rétt að þeirri vinnu verðið hraðað og breytingar gerðar við fyrsta tækifæri á umferðarlögum, en málið ekki látið bíða eftir heildarendurskoðun laganna sem staðið hefur yfir mörg undanfarin ár.



Smelltu til að sjá myndband Umferðarstofu um hjólreiðar



Leiðbeiningar Umferðarstofu um notkun vél- og rafknúinna hjóla



Smelltu til að sjá myndband Umferðarstofu um létt bifhjól

Raunhækkun launa

ÁLIT



Guðmundur Gunnarsson
Fyrirverandi formaður Rafiðnaðarsambandsins

Íslendingar skila lengstu vinnuvikunni af þeim þjóðum sem við viljum bera okkur saman við. Ef borin er saman verðmætasköpun á mann á hverja unna klukkustund eru afköst Íslendinga einungis tveir þriðju af því sem Bandaríkjamenn ná og Danir eru einungis liðlega 10% á eftir Bandaríkjamönnum. Á árunum 1950 til 1980, þegar vélvæðingin var hvað umfangsmest, fækkaði árlegum meðalvinnustundum á Íslandi úr um 2.400 klst. í um 1.900 klst. En í hinum Norðurlandaráttunum voru sömu tölur um 1.900 klst. árið 1950, eru komnar niður í um 1.600 klst. árið 1980 og halda áfram að lækka niður í um 1.550 árið 2010. Árið 2010 er árlegur meðalvinnutími Íslendinga hins vegar um 1.750 klst. og við náum samt ekki sambærilegum kaupmætti.

Framleiðni vinnuafls er 20% minni á Íslandi en í nágrannalöndum en fyrir hendi eru umtalsverð tækifæri til þess að knýja hagvöxt til framtíðar með því að auka arðsemi í fjármagnsfrekum atvinnugreinum. Þannig má bæta launamönnum upp þann skaða sem þeir hafa orðið fyrir, tryggja öran framleiðnivöxt og skapa möguleika fyrir varanlegum og myndarlegum lífshæðisbótum. Velferðarþjónusta hér á landi er að dragast aftur úr hinum Norðurlandaráttunum á sama tíma og við verjum tugum milljarða í umfangsmikið kerfi ríkisforsjár sem snýst um að vernda og styrkja fyrirtæki. Þetta er nefnt pilsfaldakapitalismi; ef í nauðir rekur hafa fyrirtækin ávalt hlaupið undir pilsfald ríkisins og heimtað gengisfellingar í stað þess að taka ábyrgð á eigin gerðum. Ef tryggja á aukinn kaupmátt í komandi kjarasamningum verður að huga að endurskoðun og skipulagningu grunnstoða efnahagslífsins.

Ódrengskapur og slök þekking

Mörgum, þá sérstaklega stjórnmalámönnum, er tamt að vísa til gjörða og athafna verkalýðsforingja á árunum fyrir þjóðarsátt og taka þannig til orða að þá hafi verkalýðshreyfing verið verkalýðshreyfing, annað sé uppi á teningnum í dag. Þeir víkja sér undan ábyrgð með því að við slaka kjarasamninga sé að sakast þegar rætt er um lág laun. Þar upplýsa stjórnmalamenn okkur um ódrengskap sinn eða slaka þekkingu á grunnstoðum efnahagslífsins. Gengisfelling fellir vitanlega stöðu umsaminna launa og kallar á auknar launakröfur í næstu samningum og þá um leið verðbólgu og háa vexti.

Í þessu sambandi má minna á að frá stofnun Rafiðnaðarsambandsins árið 1970 hefur sambandið samið um 3.600% launahækkunir og staðið fyrir umfangsmeiri verkföllum en öll systursambönd okkar hafa samanlagt lagt út í. Íslenskir rafiðnaðarmenn eru þar með margfaldir Norðurlandameistarar í launahækkunum, því t.d. Danska rafiðnaðarsambandið hefur á sama tíma samið um 330% launahækkunir. Samt stöndum við aftur en Danir í kaupmætti en jöfnum það reyndar með því að skila að jafnaði 9 klukkustundum lengri vinnuviku. Þetta segir í raun allt sem segja þarf.

Fram undir miðjan níunda áratuginn fylgdi full vísitölu-binding kjarasamningum, en það olli því að verðbólgan var oft fyrir ofan 50% og náði jafnvel yfir 100%; hæðum sem einungis voru þekktar í Suður-Ameríku. Verðtrygging launa og verðtrygging lána eru ósambærilegar viðmiðanir. Lán til margra ára, jafnvel áratuga, er veitt í væntingu þess að jafngildu verðmæti sé skilað að lánstíma loknum. Á þeim tíma hefur lánveitandi engin tók á að endursema um lánakjör með hliðsjón af breyttum aðstæðum og hefur því ástæðu til að tryggja verðgildi endurgreiðslu. Vinna er hins vegar afhent þjónusta á líðandi tíma. Gildi launakjara er háð lengd og friðarskyldu kjarasamninga og persónulegum uppsagnarfresti. Kjör og laun eru reglulega endurskoðuð miðað við breyttar aðstæður, og unnt að beita uppsögn. Enn fremur eru laun svo mikill meginhluti rekstrarkostnaðar og ráðstöfunar verðmæta í þjóðarbúi að óraunhæft er að festa raungildi þeirra til nokkurrar lengdar, og gildir það til beggja átta, hækkunar og lækkunar.

Stöðugar hreyfistærðir

Hugmyndin að baki verðtryggingu launa var sú að hagvöxtur og kjarabætur væru stöðugar hreyfistærðir sem ekki gengju til baka heldur mætti stöðugt bæta ofan á. Þessi hugmynd gekk ekki upp í þjóðarbúskap háðum sveiflum í auðlindum og ytri skilyrðum. Þegar óraunhæf kröfugerð náði fram og var þar með verðtryggð um leið og ekkert mátti slaka á kröfunni um fulla atvinnu leiddi þetta kerfi til sjálf-gengrar verðbólgu. Engin slík félagslega þvinguð kröfugerð er hins vegar að verki við mótun raunvaxta á markaðnum. Kostnaðarverðbólga hefur verið áberandi í íslensku hagkerfi. Spenna á vinnumarkaði hefur valdið launaskriði, sem kemur síðan fram í hækkandi verði á vörum og þjónustu og skekkir samkeppnisstöðu útflutningsgreina. Það kallar aftur á móti á gengisfellingar, sem síðan verða til þess að hækka verðlag enn frekar. Launahækkunir upp á tugi prósentu skiluðu því sáralitlu í hækkun kaupmáttar, en á þessu var tekið með myndarlegum hætti við gerð þjóðarsáttar árið 1990. Bak við hana lá gríðarlega mikil vinna hjá aðilum vinnumarkaðar, sem hófst í alvöru upp úr 1987 og lauk ekki fyrr en um 1993. Þar var tekist harkalega á í baráttunni við víxlhækkunir milli hópa og ekki síður við stjórnvöld um að halda aftur af hækkunum þjónustugjalda. Fjölmíðlamenn hafa ætíð sýnt gríðarlegt ábyrgðarleysi þegar þeir hafa hampað þeim sem hafa í frammi umfangsmestu launakröfurnar. Það sé hlutverk verkalýðsforystu að sjá til þess að sem flestar krónur séu í launaumslaginu við útborgun en hlutverk stjórnmalamanna að tryggja stöðugleikann. Árangur þessarar stefnu blasir við, vilji menn sjá hana; við erum föst í viðjum vanans og erum þar af leiðandi að dragast aftur úr á öllum sviðum.

Kjarninn tekur á móti aðsendum greinum. Ekki er tekið við greinum lengri en 700 orð. Mynd af höfundu verður að fylgja. Sendið greinar á ritstjorn@kjarninn.is

Enn um gagnrýna hugsun

ÁLIT



Henry Alexander Henrysson

Kristján G. Arngrímsson framhaldsskólakennari skrifaði pistil hér í Kjarnann fyrir tveimur vikum og var efni hans spurningin hvort hægt sé að kenna gagnrýna hugsun. Kristján rekur ágætlega hvernig horft hefur verið til fræðasamfélagsins varðandi slíka kennslu undanfarin ár og finnst lítið til þess koma sem hefur gerst á þeim vettvangi. Efni pistils hans virðist einkum snúast um tvö atriði: í fyrsta lagi að umræðan hjá fræðasamfélaginu skili engu nema sjálfri sér og í öðru lagi að svarið við kröfunni um gagnrýna hugsun liggi í vísindalegri hugsun, sem við þekkjum mæta vel.

Þar sem undirritaður hefur komið töluvert að umræðunni sem Kristján reynir að gera sem minnst úr í áliti sínu og er þar að auki annar þeirra fræðinga sem Kristján sakar um „gamla góða menntahrokann“ á málþingi um siðfræðikennslu þætti mér vænt um að nota tækifærið til að áréttu nokkur atriði.

Á undanförunum árum hefur á Íslandi farið fram býsna öflug og forvitnileg fræðileg umræða um hlutverk, eðli og markmið gagnrýninnar hugsunar. Ástæðan fyrir þessari umræðu er að fólki fannst það ekki mjög í anda gagnrýninnar hugsunar að efla kennslu í henni nema að ígrunduðu máli. Ráðstefnur og málþing hafa verið haldin og hafa til að mynda birst fjórar fræðilegar, ritrýndar, greinar á íslensku eftir undirritaðan, Guðmund Heiðar Frímansson, Ólaf Pál Jónsson og Eyju Margréti Brynjarsdóttur sem saman varpa skýru ljósi á fyrirbærið. Það var að minnsta kosti reynsla mín í kennslustund í Háskóla Íslands síðastliðinn föstudag. Nemendur mínir höfðu einmitt lesið þessar greinar og gerðu skemmtilega grein fyrir þeim í framsöguerindum. Þótt endanleg skilgreining á gagnrýninni hugsun komi ekki fram í neinni þessara greina þrengja þær mjög að mörgum vafasömum skilgreiningum. Og í þeim koma svo sannarlega fram svör við beinum spurningum sem varpað hefur verið fram um hvað felist í gagnrýninni hugsun og hvernig best sé að kenna hana.

Þessi fræðilega umræða hefur bæði stutt og orsakað mörg skemmtileg og spennandi verkefni í íslensku mennta- og menningarlífi. Ég nefni nýjar námskrár á öllum skólastigum, þann þátt í stefnu Háskóla Íslands 2011–2016 að nemendur þjálfist markvisst í gagnrýninni hugsun, nýlegan samning Heimspekistofnunar við Garðabæ um rannsóknir á möguleikum heimspekikennslu og þá stefnu menningarsetursins Hannesarholts að efla jákvæða, gagnrýna hugsun í íslensku samfélagi. Einnig hafa Rannsóknastofa um háskóla, Siðfræðistofnun og Heimspekistofnun rekið verkefnið [Efling gagnrýninnar hugsunar og siðfræði](#) í skólum undanfarin ár. Sú hugmynd að umræðan skili bara sjálfri sér lýsir sérkennilega völdu sjónarhorni á veruleikann þegar öll þessi atriði eru höfð til hliðsjónar.

Það er hins vegar rétt að umræða fræðasamfélagsins skilar ekki öllu í hendur skólunum. Fræðimenn í háskólum hafa sérlega takmarkaðan skilning á því hvað á sér stað á öðrum skólastigum. Almennt held ég að þeir geri sér grein fyrir því. Ef Kristján er hissa á því að pósthólfið hans sé enn autt af skilaboðum um hvernig hann eigi að kenna gagnrýna hugsun er ég hræddur um að undrun hans hverfi ekki alveg á næstunni. Hins vegar er fjöldi kennara sem skilur þau tækifæri sem felast meðal annars í þeim verkefnum sem ég lýsti hér að ofan. Ég hef heyrt frá mörgum og aðrir eru í startholunum. Það eru spennandi tímar fram undan í eflingu gagnrýninnar hugsunar í skólum. Og já, það er hægt að kenna gagnrýna hugsun.

Kjarninn tekur á móti aðsendum greinum. Ekki er tekið við greinum lengri en 700 orð. Mynd af höfundi verður að fylgja.

Sendið greinar á ritstjorn@kjarninn.is



Vilja staðfesta bótaskyldu Gunnars Smára

Tveir fyrrverandi stjórnendur Nyhedsavisen krefjast þess að skaðabótaskylda Gunnars Smára Egilssonar verði viðurkennd í samræmi við úrskurði héraðsdóms og Hæstaréttar. Fyrirtöku málsins lokið, málflutningur fer fram í janúar.

DÓMSMÁL

Ægir Þór Eysteinnsson
aegir@kjarninn.is

Danirnir Svenn Dam og Morten Nissen Nielsen hafa stefnt Gunnari Smára Egilssyni, fjölmiðlamanni og fyrrverandi formanni SÁÁ, fyrir dóm og krefjast þess að viðurkennd verði skaðabótaskylda hans gagnvart þeim á grundvelli umboðsskorts. Fyrirtaka var í málinu í Héraðsdómi Reykjavíkur í vikunni.

Svenn Dam er fyrrverandi stjórnarformaður útgáfufélags danska fríblaðsins Nyhedsavisen og Morten Nissen Nielsen er fyrrverandi forstjóri útgáfufélagsins. Þeir saka Gunnar Smára, þáverandi framkvæmdastjóra Dagsbrúnar, um að hafa undirritað við þá hluthafasamkomulag í umboðsleysi árið 2006. Nyhedsavisen fór á hausinn haustið 2008.

Málið snýst um kaup tvímenninganna á hlutafé í dótturfélagi Dagsbrúnar, 365 Media Scandinavia A/S, sem var útfangandi Nyhedsavisen. Í hluthafasamningnum sem Gunnar Smári undirritaði var að finna svokallað valréttarákvæði þar



sem tvímenningarnir höfðu rétt til að selja Dagsbrún hlutabréfin aftur á tilteknu verði og að liðnum ákveðnum tíma.

Dagsbrún var skipt upp í tvö félög í nóvember 2006, annars vegar Teymi hf. og hins vegar Íslenska afþreyingu hf. Í júní 2009 sendi Svinn Dam félagunum bréf þar sem farið var fram á innlausn hlutabréfanna samkvæmt hluthafasamkomulaginu. Krafa hans var samþykkt af hálfu Teymis og í samræmi við nauðasamninga félagsins fékk hann 20 prósent af kröfum sínum í formi hlutafjár í Teymi.

Bú 365 Media Scandinavia A/S var tekið til gjaldþrotaskipta í október 2008 og lauk skiptameðferð á búinu í desember 2009 sem eignalaus. Skiptastjóri Íslenskrar afþreyingar ákvað að líta á erindi stjórnarformannsins sem kröfulýsingu í þrotabú félagsins og hafnaði kröfunni með bréfi í september 2009. Gunnar Smári hefði ekki haft umboð stjórnar Dagsbrúnar til að gera umræddan hluthafasamning.

Ágreiningurinn endaði fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur, sem hafnaði tæplega 65 milljóna króna kröfu fyrrverandi stjórnarformanns 365 Media Scandinavia í þrotabú Íslenskrar afþreyingar. Umrætt valréttarákvæði þótti óvenjulegt og mikilháttar ákvörðun í skilningi laga um hlutafélög og slíkar ráðstafanir gæti framkvæmdastjóri ekki gert nema samkvæmt sérstakri heimild stjórnar Dagsbrúnar. Óumdeilt var í málinu að ekki var að finna í fundargerðum stjórnar Dagsbrúnar að Gunnari Smára hefði verið veitt heimild til að gera umrædda samninga fyrir hönd félagsins. Umboð hans var því talið ósannað og var [úrskurður héraðsdóms](#) staðfestur í Hæstarétti í febrúar 2011.

Krafa tvímenninganna nú byggist á því að héraðsdómur og Hæstiréttur hafi staðfest að Gunnar Smári, þáverandi framkvæmdastjóri Dagsbrúnar, hafi verið umboðslaus við gerð hluthafasamninganna og er þess krafist að skaðabótaskylda hans verði viðurkennd vegna þess. Til að geta sótt skaðabætur þurfa fyrrverandi stjórnendur Nyhedsavisen að sýna fram á tjón, en tryggingafélaginu Sjóvá er sömuleiðis stefnt vegna stjórnendaþbyrgðartryggingar. Tryggingafélagið hafnar kröfunni.

Aðalmeðferð í málinu fer fram í Héraðsdómi Reykjavíkur í janúar.



Greiðslufærni Landsbanka og skyldur stjórnarmanna

ÁLIT



Tómas Hrafn Sveinsson
lögmaður

Hinn 27. september síðastliðinn birtist frétt á vef The Guardian um að Landsbankinn hf. hefði farið fram á lengri tíma til endurgreiðslu á skuldabréfi, annars yrði bankinn gjaldþrota. Aðspurður sagði Steinþór Pálsson, bankastjóri Landsbankans, að þetta væri ekki rétt. Þetta vekur minningar frá árinu 2008, þegar margar sambærilegar fréttir birtust um fjármálafyrirtæki og fjárhagslega stöðu þeirra. Sammerkt með þeim flestum voru viðbrögð fyrirsvarsmanna, sem sögðu ekki vera fót fyrir þeim.

Í ljósi reynslunnar er áhugavert að skoða skyldur stjórnarmanna hlutafélaga þegar vafi leikur á um greiðslufærni félaganna á grundvelli laga um hlutafélög og gjaldþrotaskipti.

Frétt The Guardian og viðbrögð bankastjóra

Í [frétt The Guardian frá 27. september](#) segir meðal annars:

„At a meeting on Friday in London with creditors to the old bank, which include the British and Netherlands governments, Icelandic negotiators are understood to have said New Landsbanki will go bust if it is forced to stick to a steep repayment schedule, in euros, from the start of next year.“

Í [fréttum Ríkisútvarpsins daginn eftir](#) var haft eftir Steinþóri Pálssyni að bankinn væri ekki á leið í þrot. Meðal annars kom þar fram:

„Steinþór Pálsson, bankastjóri Landsbankans, segir þetta ekki rétt. Staða bankans sé til skamms tíma litið góð, en vegna óvissu til lengri tíma hafi verið óskað eftir að lengja lánstímann.“

Lagareglur um skyldu stjórnarmanna

Í 1. mgr. 105. gr. hlutafélagalaganna er kveðið á um skyldu stjórnar félags til að gefa bú þess upp til gjaldþrotaskipta ef skilyrði gjaldþrotalaga eru uppfyllt. Nánar er mælt fyrir um þessi skilyrði í 64. gr. laga um gjaldþrotaskipti. Samkvæmt ákvæðinu er stjórn hlutafélags skylt að gefa það upp til skipta geti félagið ekki staðið í fullum skilum við lánardrottna sína þegar kröfur þeirra falla í gjalddaga og ekki er talið sennilegt að greiðsluörðugleikar muni líða hjá innan skamms tíma.

Ógreiðslufærni

Samkvæmt gjaldþrotarétti er félag talið ógreiðslufært þegar því er ófært að standa við skuldbindingar sínar þegar þær falla í gjalddaga. Þessi aðstaða getur verið uppi þótt engin krafa á hendur félaginu sé gjaldfallin eða í vanskilum. Félag getur verið ógreiðslufært jafnvel þótt það sé í fullum skilum við alla kröfuhafa sína. Til dæmis getur það verið rekið með halla og stöðugu tapi – og aðeins verið tímaspursmál hvenær félagið geti ekki staðið við skuldbindingar sínar.

Stjórn félags þarf að horfa fram á veginn við mat á því hvort greiðsluþrot er fyrirsjáanlegt. Hún þarf sérstaklega að kanna kröfur á hendur félaginu og tekjur þess. Við mat á langtímalánum þarf til að mynda að kanna endurgreiðsluáætlanir vel og meta þær með hliðsjón af framtíðartekjum. Meta þarf hvern gjalddaga sérstaklega og áhrif greiðslufalls eða vanskila hans á aðrar skuldbindingar félagsins. Margir samningar eru þess eðlis að ef kröfuhafi gjaldfellir einn slíkan gjaldfalla aðrir um leið. Þar af leiðandi þarf að meta greiðslufresti og mögulega samninga um slíka fresti.

Við mat á framtíðartekjum félags er auðvitað litið til aflahæfis þess. Þar skiptir miklu hvort félagið getur gengið á eignir sínar og tekið fé að láni til að standa við aðrar skuldbindingar sínar. Þá er horft til þess hvort unnt er að afla nýs hlutafjár í félaginu.

Innan skamms tíma

Eins og lýst var að framan er stjórn hlutafélags skylt að gefa það upp til skipta geti félagið ekki staðið í fullum skilum við lánardrottna sína þegar kröfur þeirra falla í gjalddaga og ekki er talið sennilegt að greiðsluörðugleikar muni líða hjá innan skamms tíma.

Stjórnin verður að vera meðvituð um að skyldan til að gefa félagið upp til skipta stofnast þrátt fyrir að bankinn geti að einhverju leyti efnt skuldbindingar sínar. Félagið verður að geta staðið í fullum skilum.

Orðasambandið innan skamms tíma er matskennt og getur verið túlkað á mismunandi hátt eftir því hvaða atvinnugrein er um að tefla. Þrátt fyrir það hefur ekki verið talið að með þessu sé átt við marga mánuði eða jafnvel ár.

Skyldan stofnast hins vegar ekki ef aðeins er um að ræða tímabundin vanskil, ef fyrirsjáanlegt er að greiðslustaðan muni batna. Líkurnar á ógjaldfærni félags aukast eftir því hversu langan tíma skuldari er líklegur til að vera ófær um að greiða útistandandi skuldir.

Skaðabótaskylda stjórnar

Ef fyrirséð er að félag er ógreiðslufært og stjórn félagsins frestar því að gefa félagið upp til skipta geta einstakir stjórnarmenn borið skaðabótaábyrgð á tjóni sem hlýst af töfnni.

Við mat á skaðabótaskyldu er litið til fjölmargra atriða eftir því hvernig staðan er á hverjum tíma. Sé félag til að mynda á barmi greiðsluþrots en einhverjar líkur á því að ástandinu linni er talið ólíklegra að stjórnarmenn verði dæmdir skaðabótaskyldir. Ef hins vegar stjórnarmenn vita eða mega vita að félagið stefni í þrot er líklegra að þeir gætu talist skaðabótaskyldir.

Við þetta mat bætist einnig sérstök skylda kröfuhafa til að rannsaka hag félagsins, þar á meðal uppgjör félagsins og ársreikninga. Hafa ber þó í huga að ef stjórnendur félags vita eða mega vita að þessi gögn gefa ekki rétta mynd af fjárhagnum geta þeir orðið skaðabótaskyldir gagnvart kröfuhöfum sem veittu félaginu lán í trausti þess að bókhaldið væri í lagi. Þetta gildir jafnframt þótt skylda til að gefa félag upp til skipta hafi ekki raknað við.

Sé sýnt fram á að félag sé ógreiðslufært á tilteknu tíamarki getur stjórn félagsins borið persónulega ábyrgð á þeim skuldbindingum sem hún samþykkir fyrir hönd félagsins eftir það tímamark. Undir vissum kringumstæðum getur ábyrgð stjórnarmanna náð til tjóns lánardrottna, hluthafa og jafnvel félagsins sjálfs, verði það fyrir frekara tapi eftir tímamark ógreiðslufærni.

Staða Landsbankans hf.

Gjalddagar umræddra skuldbindinga Landsbankans við þrotabú gamla bankans eru ekki fyrr en á næsta ári, ef marka má fyrrgreindar fréttir. Viðræður standa nú yfir um greiðslufrest. Því er ekki hægt að fullyrða um hvort Landsbankinn sé ógreiðslufær þannig að hann geti ekki staðið í fullum skilum við lánardrottna sína. Ekki verður heldur staðhæft um það hvort meintir greiðsluörðugleikar bankans muni líða hjá innan skamms tíma. Um það skortir betri upplýsingar.

Þær upplýsingar sem þó liggja fyrir eru að The Guardian, eitt virtasta dagblað í heimi, fullyrðir að Landsbankinn hafi lýst því yfir við helsta kröfuhafa sinn, þrotabú gamla Landsbankans, að hann geti ekki staðið í fullum skilum á næstu gjalddögum. Þrátt fyrir að bankastjóri Landsbankans vísi þeim fullyrðingum á bug hefur hann ekki veitt frekari útskýringar. Gera má ráð fyrir að stjórn bankans hafi fengið þær og hafi öll nauðsynleg gögn undir höndum um framtíðarstöðu bankans. Ef svo er ekki ber henni skylda til að afla þeirra tafarlaust.

Á árinu 2008 birtust margar fréttir í erlendum fjölmiðlum um ástand íslenskra fjármálafyrirtækja. Viðbrögð forstjóra þeirra voru öll á sama veg; þeir héldu því fram að neikvæðu fréttirnar væru rangar. Raunin varð hins vegar önnur og eins og síðar hefur komið í ljós voru mörg þeirra félaga ógreiðslufær strax á árinu 2008. Sum jafnvel enn fyrr.

Af þessu má leiða að ef nú er fyrirséð að Landsbankinn geti ekki staðið í skilum við lánardrottna sína að fullu og greiðsluörðugleikarnir muni ekki líða hjá innan skamms tíma beri stjórn hans skylda til að gefa hann upp til skipta. Að öðrum kosti kann stjórnin að hafa bakað sér skaðabótaábyrgð vegna tjóns sem hlotist getur af töfum á því að skiptameðferð hefjist.

Fimm ár frá hrúni heyra skattaskjól sögunni til?

MORGUNVERÐARFUNDUR Í NORRÆNA HÚSINU, 7. OKTÓBER, KL. 9-12.15



Upplýsingaskrifstofan
Norðurlönd í fókus á Íslandi
og Kjarninn í samstarfi
við Alþjóðamálastofnun
Háskóla Íslands boða til
morgunverðarfundar
7. október 2013 kl. 9-12.15
í Norræna húsinu þegar
þess er minnst að fimm ár
eru frá efnahagshruninu
á Íslandi.

Umfjöllunarefni dagsins eru samnorrænar aðgerðir gegn skattaundan-
skotum. Norðurlöndin hafa gert samninga um upplýsingaskipti við rúmlega
40 svonefnd skattaskjól undanfarin ár. En hver er árangurinn af þessum
samningum og hvað hag hafa norrænir skattgreiðendur af þeim?

Til að ræða þessi mál boða upplýsingaskrifstofan Norðurlönd í fókus og Kjarninn í samstarfi við Alþjóðamálastofnun
Háskóla Íslands til fundar þar sem innlendir og erlendir sérfræðingar um þessi málefni taka til máls.

Dagskrá

- 08.30-09.00 Léttur morgunverður á boðstólum fyrir fundargesti.
09.00-09.05 **Sigurður Ólafsson**, fulltrúi Norðurlanda í fókus á Íslandi
09.05-09.40 **Torsten Fensby**, verkefnisstjóri hjá Norrænu ráðherranefndinni
09.40-10.15 **Sigrún Davíðsdóttir**, blaðamaður
10.15-10.25 Stutt hlé
10.25-11.00 **Bryndís Kristjánsdóttir**, skattrannsóknarstjóri
11.00-11.35 **Bjarni Benediktsson**, fjármála- og efnahagsráðherra
11.35-12.15 Pallborðsumræður

Fundarstjóri: Þórður Snær Júlíusson, ritstjóri Kjarnans.

Fundurinn fer fram á ensku.

Fundurinn er öllum opin og þátttaka er ókeypis en þó háð skráningu, í síðasta lagi laugardaginn 5. október.

[Skráning berist á netfangið sigurdur@nordice.is.](mailto:sigurdur@nordice.is)



Risasamningi rift vegna makríldelu

STJÓRN MÁL

Pórður Snær Júlíusson
thordur@kjarninn.is

Bresk fiskveiðifyrvöld riftu í sumar samningi sem þau gerðu, fyrir ári við íslenska hátækni-fyrirtækið Trackwell um kaup á fiskveiðieftirlits-hugbúnaði, sem það þróaði og rekur. Riftunin var án sýnilegrar ástæðu en heimildir Kjarnans segja að hana megi rekja beint til makríldeilunnar sem íslensk stjórnvöld standa í gagnvart Evrópusambandinu og Norðmönnum. Evrópusambandið hefur lengi ýjað að því að grípa til refsiaðgerða gegn Íslandi vegna makrílveiða.



Samningurinn var sá stærsti sem Trackwell hefur nokkru sinni gert. Utanríkisráðuneytið er meðvitað um stöðu mála en hefur ekki tekist að fá formleg viðbrögð frá breskum yfirvöldum.

Samkvæmt heimildum Kjarnans er talið álítamál hvort bresk yfirvöld geti rift samningnum með þessum hætti og ekki hefur enn verið gengið frá málalokum með neins konar samkomulagi. Riftunin gæti því ratað í málaferli, enda ljóst að um mikla hagsmuni er að ræða fyrir Trackwell. Jón Ingi Björnsson, framkvæmdastjóri Trackwell, vildi ekki tjá sig um málið að svo stöddu þegar Kjarninn ræddi við hann.

Trackwell valið eftir útboð

Í lok september í fyrra var tilkynnt að Trackwell hefði orðið fyrir valinu í opnu útboði breskra fiskveiðiyfirvalda um kerfi til fiskveiðieftirlits með um átta þúsund skipum á öllum hafsvæðum í landhelgi Bretlands næstu fimm til sjö árin. Alls tóku fjórtán fyrirtæki þátt í útboðinu. Á meðal þeirra voru nokkrar af stærstu verkfræðistofum heims. Fjárhagslegt umfang samningsins var trúnaðarmál en ljóst er að hann skipti Trackwell miklu máli. Fyrirtækið er í eigu Skipta, Frumtaks, stofnenda og annarra starfsmanna.

Í sumar nýttu bresk stjórnvöld sér hins vegar riftunar-ákvæði í samningnum án sýnilegrar ástæðu. Viðmælendur Kjarnans segja að þótt ekki hafi verið gefin formleg ástæða fyrir uppsögninni hafi margoft komið fram í samtölum við bresk yfirvöld að hana væri að finna í makríldeilunni. Hún snýst um einhliða ákvörðun íslenskra stjórnvalda um að ákveða hversu mikið af makríl er veitt innan íslenskrar lögsögu. Evrópusambandið, bresk og írsk stjórnvöld og Norðmenn hafa sakað Íslendinga og Færeyinga um rányrkju með því að veiða allt of mikið af makríl. Þau vilja meina að sú ofveiði sem þjóðirnar stundi valdi meðal annars beinum skaða á bresku og írsku efnahagslífi, en bæði Skotar og Írar veiða mikið af makríl.

Evrópusambandið hefur ítrekað hótað að beita viðskiptaþvingunum vegna þess að Íslendingar hafa ekki viljað semja

um úthlutaðan makrílkvóta á þeim nótum sem sambandið hefur boðið. Í slíkum þvingunum myndi meðal annars felast löndunarbann í höfnum aðildarríkja sambandsins. Slíkt bann myndi reyndar ekki hafa teljandi áhrif á íslenskar útgerðir ef það ætti einungis við um makríl, enda landa íslensk skip ekki tegundinni í ríkjum Evrópusambandsins eða í Noregi.

Gríðarlega mikilvægur makrill

Makrílveiðar Íslendinga hafa skipt miklu máli fyrir þjóðar-búið undanfarin ár og hafa aukist gríðarlega á skömmum tíma. Um aldamótin fluttu Íslendingar ekki út neitt af makríl en árið 2011 var tegundin sú næstverðmætasta sem Íslendingar fluttu út og nam verðmæti makrílútflutnings það ár 24 milljörðum króna. Í fyrra skilaði útflutningur á heilfrystum makríl um 19 milljörðum króna og var það verðmætasta einstaka sjávarafurðin sem flutt var út það árið. Makrílkvótin var minnkaður um fimmtán prósent milli ára og er rúmlega 123 þúsund tonn í ár. Tæpur helmingur af öllum útfluttum makríl fer til Rússlands.



Hamskipti stjórnarflokkanna

STJÓRN MÁL



Huginn Freyr Þorsteinsson

Ríkt hugmyndaflug þarf til að finna tengingar milli fjárlagafrumvarps fjármálaráðherra og kosningaloforða stjórnarflokkanna í síðustu kosningum. Útlitið er dökkt. Forsendur fjárlaga sýna að hin margnefndu hjól atvinnulífsins eru talsvert frá því að fara að snúast. Hagspáin gerir ráð fyrir rúmlega 2,5% hagvexti 2015 og 2016. Hún byggir að mestu á verkefnum er fyrri ríkisstjórn hafði þegar ýtt úr vör í opinberri fjárfestingu og fyrsta áfanga álvers í Helguvík sem að öllum líkindum verður ekki að veruleika. Vaxtabætur til skuldsettra heimila eru lækkaðar og færðar á sama stað og þær voru áður en ákveðið var að grípa til ráðstafana vegna vanda þeirra af hruninu. Ekki er gert ráð fyrir sérstökum framlögum er tengjast vanda skuldsettra heimila, hvað þá hugmynd um sérstakan skuldaleiðréttingasjóð sem framsóknarmenn hafa ýtt á um. Frumvarpið boðar einnig nær engar kjarabætur til handa opinberum starfsmönnum og loforð formanns fjárlaganefndar um 13 ma. kr. til Landsspítalans er hvergi að finna. Hagræðingarkröfu er mætt með gjöldum á sjúklinga og framlög til tækjakaup skorin við trog. Loforð Vigdísar Hauksdóttur um að slá af nýtt sjúkrahús, sem hefði verulega bætt íslenskt heilbrigðiskerfi og starfsaðstöðu starfsfólks, er aftur á móti uppfyllt.

Árangur staðfestur...

Fjárlagafrumvarpið staðfestir aftur á móti árangur síðustu ríkisstjórnar. Sú ríkisstjórn náði að lækka halla ríkisins niður úr 216 ma. kr. árið 2008 í um 25 ma. kr. árið 2013. Fjárlagafrumvarpið tilgreinir að hallinn árið 2013 er meiri m.a. vegna tekna sem núverandi ríkisstjórn gaf frá sér með breytingum á skatti í ferðaþjónustu og sérstöku veiðigjaldi. Hin pólitíska spurning vaknar; hvort ætli sjúklinginn sem þarf að greiða hærri gjöld vegna fjárlagafrumvarpsins muni meira um hverja krónu á móti þeirri lækku sem útgerðarmaðurinn fær í arð?

...en horfið frá stefnunni

Í frumvarpinu felast nefnilega önnur tíðindi, en þau eru að horfið er frá blandaðri leið tekjuöflunar og útgjaldalækkunar sem fyrri ríkisstjórn markaði. Áherslan er nú á lækku útgjalda, 2/3 aðgerða eru niðurskurðar á móti 1/3 á tekjuhlíð, sem færir ríkisstjórnina nær þeim ríkisstjórnnum sem hafa fetað leið niðurskurðarstefnunnar (e. austerity policy). Sú stefna þykir hafa gefið afar vonda raun og verið gagnrýnd harkalega fyrir að dýpka enn kreppuna í Evrópu. Þetta birtist ljóslega í að frumvarpið boðar að auðlegðarskatturinn verður ekki framlengdur á sama tíma og lykilstofnanir samfélagsins sæta miklu aðhaldi. Auðlegðarskatturinn skilar einn og sér 9,5 ma. kr. á ári, er jafngildir þeim barnabótum sem allar fjölskyldur landsins fá frá ríkinu á einu ári.

Ljós í myrkrinu...

Ljosið í myrkrinu er álögur á þrotabú gömlu bankanna sem skila munu umtalsverðum tekjum til ríkissjóðs. Það verður þó forvitnilegt að sjá talsmenn einkaeignarréttarins færa rök fyrir því að lögmætar kröfur aðila í gjaldþrota bú séu skattlagðar. Einnig er ánægjulegt að sjá að fjármálaráðherra viðheldur þrepaskattskerfinu, en það hefur reynst mikilvægt í að auka tekjujöfnuð í samfélaginu. Einnig að þrátt fyrir yfirlýsingar um annað fylgja krónutöluskattar eins og á olíu og bensíni verðlagi og því lækka þeir ekki.

...en brögð í tafli

Núverandi stjórn hyggst loka 30 ma. kr. gati og skila svo fjárlögum á núlli það sem eftir er kjörtímabilsins. Það gerist að vísu ekki strax. Fjárlagafrumvarpið gerir ráð fyrir 10 ma. kr. halla á næsta ári en með því að hækka vaxtatekjur af Seðlabankanum næst frumvarpið á núll. Orð eins og barbabrella eða bókhaldssvik hefðu líklegast verið notuð af núverandi stjórnarliðum á síðasta kjörtímabili við svona tilfærslu úr einum vasa í annan. Það verður þó þrautin þyngri fyrir fjármálaráðherra, vegna þess vanhugsaða niðurskurðar sem er í frumvarpinu, að halda ríkissjóði á núlli í gegnum þrjár umræður fjárlaga. Markmiðin verða að vera raunhæf til að þau náist en vægi niðurskurðarins er of mikið og því mun meirihlutinn þurfa að gefa eftir. Ef áherslur á tekjuöflun væru meiri yrði árangurinn í ríkisfjármálum líklegri, en pólitísk hugmyndafræði frekar en kalt raunveruleikamat ræður því að sú leið er ekki farin.

Hvað segja kjósendur?

Miðað við áætlun um ríkisfjármál er ekkert svigrúm fyrir ríkið að greiða niður skuldir með rekstrarafgangi á komandi árum, sem gerir ríkisfjármálaáætlunina óskiljanlega. Og þá eru einnig boðaðar frekari skattalækkanir, sem væntanlega þarf að mæta með frekari aðhaldsaðgerðum. Mögulegum ágóða hefur þegar verið ráðstafað til flatra skuldaniðurfellinga og því þurfa afborganir að koma úr rekstri. Ríkið verður að einbeita sér að niðurgreiðslu skulda enda skuldastaðan ísbyggileg og ekkert má út af bregða í þjóðarbúskapnum til að veruleg vandræði hljótist af. Með fjárlagafrumvarpinu má því segja að kaldranalegur veruleiki þjóðarbúsins hafi tekið við af gyllingum kosningaloforðanna. Kannski að stjórnarherrarinn séu tilbúnir í þessi hamskipti en voru kjósendurnir búnir að fá skilaboðin?



*Hraðari en Porsche
Grænni en Prius*



**EIGUM ENN NOKKRA BÍLA TIL AFHENDINGAR Í DESEMBER
HÆGT AÐ GANGA FRÁ PÖNTUNUM TIL 8. OKTÓBER NK.**

VERÐ FRÁ KR. 11.800.000

KYNNTU ÞÉR MÁLIÐ Á [TESLA.IS](https://www.tesla.is)



even



Spennan fyrir iPad 5 magnast

iPad

Designed by Apple in California. Assembled in China.
Model A1456. © 2014 Apple Inc. All rights reserved.
For more information, see [apple.com/ipad](#).

FCXCE-0

TÆKNI

Magnús Halldórsson
magnush@kjarninn.is



Myndband sem blaðamenn
TechRadar gerðu um mögulegt
útlit og virkni iPad 5 hefur vakið
athygli

Nýr iPad er á leiðinni frá Apple, iPad 5, og líklegt er að hann verði kynntur á einum af frægum kynningarfundum Apple síðar í mánuðinum, samkvæmt frásögnum fréttamiðla sem sérhæfa sig í tækniumfjöllun, [þar á meðal TechRadar](#).

Það sem helst er talið skilja hann frá fyrri útgáfum er að hann er mun fyrirferðarminni, ríflega 23 prósentum þynnri og þriðjungi léttari en iPad 4, auk þess sem uppfærð útgáfa A7-örgjörvans mun keyra vinnslu hans áfram. Þá verður lýsing í skjánum endurbætt og notkunarupplifunin á að vera áhrifameiri og betri.

Microsoft vinnur á

Allt frá því í febrúar á þessu ári hefur legið fyrir að nýr iPad 5 væri á leiðinni. Í millitíðinni hefur staðan á spjaldtölvumarkaði breyst umtalsvert. Surface-tölvurnar frá Microsoft hafa selst vel og eru þær samanlagt með 7,5 prósentu markaðshlutdeild í Bandaríkjunum. Þá hafa spjaldtölvur frá öllum þeim framleiðendum sem nýta Android-stýrikerfi í tölvur sínar einnig selst vel að undanfögnu. Bandaríska greiningarfyrirtækið ABI Research greindi frá því í fréttatilkynningu 27. september síðastliðinn að spjaldtölvur með Android-stýrikerfi hefðu selst meira en Apple-tölvur á öðrum fjórðungi þess árs. Samanlagðar tekjur af spjaldtölvusölu námu 12,7 milljörðum Bandaríkjadala, eða sem nemur ríflega 1.530 milljörðum króna.

Android líka

Apple gefur ekki upp hvernig salan skiptist á milli einstakra útgáfa af iPad en samkvæmt greiningum ABI Research dróst salan á iPad saman um 17 prósent á sama tíma og sala á tölvum með Android-stýrikerfi jókst um sömu prósentu. Þrátt fyrir þessar breytingar er staða Apple á spjaldtölvumarkaði gríðarlega sterk og fátt bendir til þess að heljartak fyrirtækisins á spjaldtölvumarkaði sé að minnka mikið. Hins vegar er sótt að Apple úr öllum áttum eins og búast má við



Þegar fyrirtæki komast á slíkum ógnarhraða í forystusætið á markaðnum. Fyrsti iPad-inn var kynntur í janúar 2010 og ríflega þremur og hálfu ári síðar hefur þessi vara leitt eitt mesta breytingaskeið í sögu hugbúnaðargeirans. Tim Cook kallaði spjaldtölvumarkaðinn „móður allra markaða“ samkvæmt [frásögn sem birtist á vefnum AppleInsider](#) í vikunni.

Væntingar

Miklar væntingar eru bundnar við nýjan iPad enda nokkuð síðan Apple kynnti vöru sem markaðurinn tók vel. Viðbrögð fjárfesta á hlutabréfamarkaði við síðustu kynningum Apple hafa einkennst af neikvæðni. Þannig lækkuðu hlutabréf Apple um tæp fimm prósent í kjölfar þess að fyrirtækið kynnti iPhone 5C og iPhone 5S símana. Meðal annars vegna þessara viðbragða eru miklar væntingar um að iPad 5 muni seljast vel og hækka markaðsvirði félagsins.





Eltu drauminn, kona!

ÁLIT



Bryndís Björnsdóttir
skrifar frá Zürich í Sviss

Fyrrir nokkru var ég stödd hjá ræðismanninum í Zürich til að ná í íslenskt vegabréf fyrir nýfædda dóttur mína. Ræðismaðurinn, sem er eldri maður og ávallt mjög viðkunnanlegur, byrjar á að spyrja okkur nýbökðu foreldrana hvað við höfum fyrir stafni hér í borg. „Íslenskar konur vilja náttúrulega ekki vera heimavinnandi,“ sagði hann í framhaldi af því þegar hann beindi spurningunni að mér. Ég hikaði, brosti og sagði lágum rómi „nei, eiginlega ekki“ og er ekki frá því að örlof hafi á smá samviskubiti í örskamma stund.

Mér fannst þessi athugasemd hans þó áhugaverð. Í fyrsta lagi vegna þess að Sviss hefur lengi verið álitid mjög íhaldsamt þjóðfélag og má segja að hefðin og kerfið hér í landi geri konum ekki auðvelt að fara aftur á vinnumarkaðinn þegar barn er komið til sögunnar. Í öðru lagi hefur umræða um samræmingu starfsframa kvenna og fjölskyldulífs verið nokkuð áberandi að undanfögnu. Sú umræða er mikið til komin vegna nýútkominnar bókar aðalframkvæmdastjóra Facebook, Sheryl Sandberg, sem nefnist Lean In á frummálinu og hefur hlotið titilinn Stígum fram á íslensku.

Fréttir af helstu netsamfélögum eins og Facebook, Google, YouTube, Instagram og Yahoo vekja gjarnan athygli. Að undanfögnu eru það þó ekki einungis uppfærslur og nýjungar þessara miðla sem fjallað hefur verið um heldur einnig sú staðreynd að það eru tiltölulega ungar konur sem skipa sumar af æðstu stöðum þessara tæknifyrirtækja. Fram til þessa hafa karlmenn nær undantekningalaust stjórnað slíkum fyrirtækjum.

Kona verður forstjóri

Saga Marissu Mayer, sem ráðin var forstjóri Yahoo í júlí 2012, er athyglisverð og vakti ráðning hennar töluverða athygli. Ekki var nóg með að það væri kona sem hrepti stöðuna hjá þessum tæknirisa sem var kominn í öngstræti með rekstur sinn, heldur var hún aðeins 37 ára gömul og gengin sex mánuði með sitt fyrsta barn. Það vakti ekki síður athygli að Mayer væri ráðin þar sem hún er þekkt fyrir að setja þarfir neytandans í fyrsta sæti. Fram að því hafði helsta markmið fyrirtækisins verið að hámarka hagnað hluthafa.

Mayer tilkynnti fljótlega í kjölfar ráðningar sinnar að hún myndi aðeins taka nokkrar vikur í barneignarleyfi og að hún myndi vinna á meðan á því stæði. Það er óhætt að segja að hún hafi fengið það óþvegið því hún var harðlega gagnrýnd, aðallega af öðrum konum, fyrir þá ákvörðun sína.

Stígum fram

Bók Sandberg, Lean In – Women, Work and the Will to Lead, kom út í Bandaríkjunum í mars á þessu ári og hefur bókina setið á vinsældalistum fjölmargra bókaverslanna víða um heim síðustu mánuði. Á aðeins nokkrum mánuðum hefur bókina verið þýdd á yfir 30 tungumál. Guðrún Bergmann þýddi bókina á íslensku.

Upphafið að bókinni má rekja til TEDtalk-fyrirlesturs sem Sandberg hélt í desember 2010 undir yfirskriftinni „Why we have too few women leaders“ (http://www.ted.com/talks/sheryl_sandberg_why_we_have_too_few_women_leaders.html) sem vakti verðskuldaða athygli. Sandberg segir frá fjölmörgum persónulegum atvikum, mistökum og sigrum, og byggir því umræðuna mikið til út frá reynslu sinni auk þess að tengja umfjöllunina ýmsum tölfræðilegum staðreyndum.

Sandberg lítur svo á að sterk félagsleg viðmið séu í kringum konur og fjölskyldulíf sem sé meðal annars ástæða þess að svo fáar konur sitja í stjórnunarstöðum fyrirtækja. Sandberg hvetur konur til að stíga fram, draga ekki úr eigin væntingum til sjálfra sín og sækjast eftir þeim frama sem þær dreymi um að eiga. Hún vill meina að konur eigi það ómeðvitað til að halda sig til hlés og vera hræddar við að láta skoðanir sínar í ljós, sem haldi aftur af þeim við að sækjast eftir og taka að sér háar stjórnunarstöður í fyrirtækjum. Hún er sannfærð um að ef hlutirnir eigi að breytast og kynjajafnrétti að nást verði konur að taka af skarið og gera sitt til að hlutirnir þróist í réttlátari átt.

Þrátt fyrir mikla velgengni bókarinnar hefur Sandberg ekki verið laus við gagnrýni. Það hefur meðal annars verið gagnrýnt að hún einblíni of mikið á að allar konur einbeiti sér að því að komast til valda og eigi að sækjast eftir hærri stöðum innan fyrirtækja. Sagan af því þegar hún var að mjólka sig með brjóstapumpu um leið og hún sat fjarfund inni á skrifstofu sinni þegar hún starfaði hjá Google hefur valdið nokkru fjaðrafoki. Það sama á við um frásögnina af því þegar hún uppgötvaði að dóttir sín væri með lús meðan þær sátu um borð í einkaflugvél eBay, en hún hafði tekið hana með sér í stutta viðskiptaferð. Sandberg hefur sagt í kjölfar þessarar gagnrýni að ef fólk túlki orð hennar þannig að hún meini að allar konur skuli stefna á frama í atvinnulífinu hafi boðskapur hennar verið misskilinn. Hún ítrekar að mæður sem starfi ekki eða lítið á vinnumarkaði eigi ekki að vera gagnrýndar fyrir þá ákvörðun sína frekar en aðrar konur. Hvatning hennar snúi aðallega að þeim sem óski sér frama en haldi aftur af sér að sækjast eftir honum.

Bókina er vissulega skrifuð út frá bandarískum raunveruleika þar sem fæðingarorlof eru ekki þekkt í þeirri mynd sem þekktist á Íslandi og leikskólar og barnagæsla ekki niðurgreidd nema að litlu leyti. Upphæðir fyrir slíka þjónustu geta því verið himinháar, ekki ólíkt því hvernig þessum þáttum er háttað hér í Sviss.

Það er ljóst að hefðirnar eru misjafnar milli landa og skoðanir fólks á hvað sé réttast að gera sem betur fer fjölbreyttar. Fólk hefur val og sama hvað fólk finnst um stjórnunarstíl og stutt fæðingarorlof Marissu Mayer eða framahvetjandi bók Sandberg eiga þessar konur hrós skilið. Þær eru hugrækar og ákveðnar og brjóta gegn hefðbundnum gildum. Þær hafa elt drauma sína, tekist að samræma þessi tvö krefjandi verkefni; að eignast fjölskyldu og taka að sér mjög annasamt starf. Það er töff að sjá drauma fólks verða að veruleika.

Hitti naglann á höfuðið

Það má segja að fyrrnefndur ræðismaður hafi hitt naglann á höfuðið varðandi hugðarefni mitt síðustu mánuði, enda las ég bók Sandberg nokkrum vikum áður en dóttirin kom í heiminn. Þó svo að einhverjum Svisslendingum finnst skýrtið að nær allir foreldrar vinni úti og að flest börn frá eins árs aldri séu í barnagæslu alla virka daga vikunnar eins og tíðkast á Íslandi skiptir engu. Hvort mæður ákveða að vera heimavinnandi á meðan börnin eru að alast upp eða að fara aftur á vinnumarkaðinn stuttu eftir fæðingu barns skiptir engu. Það sem skiptir máli er að konur hafi val um að gera það sem hentar þeim og fjölskyldum þeirra án þess að þurfa ítrekað að verja ákvörðun sína. Að eiga val felur í sér mikið frelsi og það er mikilvægt að við stöndum vörð um það. Að þora og sjá draum verða að veruleika er einstakt fyrir hvern þann sem upplifir slíkt. Hver sem þinn draumur er skaltu elta hann. Þú átt valið.

Stjórnun • Rekstur • Þróun • Lífið á vinnustaðnum



Er þinn vinnustaður
í hópi metnaðarfullra
fyrirtækja í DOKKUNNI?

Þekking og verðmæt tengsl



Hvað er DOKKAN?

DOKKAN er vettvangur stjórnenda og lykilstarfsmanna sem vilja miðla sín á milli þekkingu, lausnum, hugmyndum og reynslu.

Hvernig virkar DOKKAN?

Í DOKKUNNI fjallar fagfólk um fjölmörg málefni stjórnunar og rekstrar á allt að 80 fræðslufundum yfir vetrartímann. Þannig verður DOKKAN öflugur þáttur í sí- og endurmenntunaráætlunum fyrirtækisins á hreint ótrúlega hagstæðu verði.

Ertu með?

Áskrift að DOKKUNNI opnar lykilmóki fyrirtækisins aðgang að öllum fræðslufundum DOKKUNNAR. Vel á 3ja hundrað fyrirtækja eru áskrifendur að DOKKUNNI í dag.

DOKKAN er einn skemmtilegasti kosturinn á íslenskum fræðslumarkaði.

Vertu með okkur!



DOKKAN

dokkan@dokkan.is
555-7420
www.dokkan.is

EXIT

Exit er menningar-, afbreytingar- og lífsstílskafti Kjarnans.

Skop

Smelltu til að sjá allt skopið



Samfélagið segir...



SVEINN ANDRI SVEINSSON @SveinnAndri69

@heilagur Sæll. Rök eru ekki rök nema þau séu rökstudd. Brot á slíkri hegðun er refsiverð. Ég mun mögulega kæra þig. M.b.kv. Sveinn Andri Miðvikudagurinn 2. október



HJÖRVAR HAFLIÐASON @hjorvarhaflida

Engin verðlaun og Bjarni töframaður sá um að skemmta gestum. Frábær uppskeruhátíð hjá Breiðablik. Þessi klúbbur stundum... Mánudagurinn 30. september



KRISTJANA ARNARSDÓTTIR @kristjanaarnars

Ég veit ekki hvort orðið "fjálög" eða "meistaramánuður" fari meira í taugarnar á mér. Miðvikudagurinn 2. október



ANNA GARÐARSDÓTTIR @anna_gardars

@bennigretars @Doddliitli @Fotboltinet ég er nú reyndar bara með eitt eista en það er ekkert sérstaklega loðið samt ! Miðvikudagurinn 2. október



GÍSLI FREYR VALDÓRSSON

Mission "breyta mér í A manneskju" byrjar ekki vel. Einn áfangi gæti verið að kveikja ekki á Newsroom um miðnætti. Gefum'essu til áramóta. Mánudagurinn 30. september



HLÉDÍS SVEINSDÓTTIR

Bjargaði ánamaðk áðan af götunni (ég á oft hálfefitt á miklum rigningartímabilum). Tók hann milli tveggja fingra og kastaði honum útá tún. Vildi ekki betur til en rafmagnsgirðing var á milli og á hana vafðist hann eins og gormur. Heppinn hann að verða á vegi mínum! Sunnudagurinn 29. september




HILDUR SVERRISDÓTTIR

Í fyrsta málflutningnum mínum voru 7 lögmenn, 15 vitni og fullur salur af fólki. Á fyrsta borgarstjórnarfundinum mínum eru mótmæli á þöllum. Þriðjudagurinn 1. október



Nýtt, spennandi og íslenskt á Airwaves




Stærsta árlega tónlistarhátíðin á Íslandi, Iceland Airwaves, verður haldin í fimmtánda skiptið dagana 30. október til 3. nóvember næstkomandi. Í ár koma fram tvö hundruð og sautján tónlistaratriði auk nokkurra rithöfunda á opinberri dagskrá hátíðarinnar og fjöldi annarra atriða kemur fram á svokallaðri „off venue“-dagskrá sem fram fer á öllum helstu kaffihúsum, gístistöðum, verslunum og vínveitingahúsum í miðborginni og í námunda við hana.

Eitt af því skemmtilegasta við þessa sístækkandi tónlistarhátíð er að hún er fullkominn vettvangur fyrir þá sem vilja láta koma sér á óvart og detta inn á tónleika með tónlistarfólki sem þeir myndu venjulega ekki sjá eða vita af tónleikum með. Hér fyrir neðan er upptalning á nokkrum nýjum og nýlegum íslenskum flytjendum sem lesendur Kjarnans ættu helst ekki að láta framhjá sér fara. Allir eiga þeir sameiginlegt að hafa sjaldan eða aldrei komið fram á Iceland Airwaves en vera að gera spennandi hluti.

Good Moon Deer

Austfirðingarnir Guðmundur Ingi Úlfarsson og Ívar Pétur Kjartansson hafa báðir verið virkir á listasviðinu síðustu tíu ár eða svo. Ívar hefur verið kenndur við hljómsveitir á borð við Miri og FM Belfast og hefur





Smelltu til að hlusta
á Good Moon Deer



einnig haldið úti hinum frábæru skemmtikvöldum „Undir áhrifum“ á Kaffibarnum. Guðmundur er tiltölulega nýfarinn að semja tónlist, allavega sem hann flytur opinberlega, en hann er nokkuð lunkinn grafiskur hönnuður og á meðal annars heiðurinn að grafisku útliti LungA á Seyðisfirði. Fyrsta útgáfa Good Moon Deer var margmiðlunarverkið Blur, sem var samblanda staf-rænnar smáskífu og HTML5-heimasíðu. Tónlist Good Moon Deer er rafrænn og djassskotinn bræðingur þar sem sundurklippt og brotin sömpl halda fast í hendur lifandi trommutakta sem Ívar knýr áfram. Á köflum minnir þetta tvíeyki á erlenda framámenn á borð við The Books, Four Tet og Prefuse 73 og er óhætt að segja að þeir séu alveg sér á báti á Íslandi.

Grísalappalísa

Þessi rúmlega árgamli sextett er skipaður tónlistarmönnum á miðjum þrítugsaldri sem flestir hafa verið saman í hljómsveitum frá unglingsaldri og hafa sett mark sitt á íslensku jaðartónlistarsenuna. Gítarleikarinn Albert Finnbogason og bassaleikarinn Bergur Thomas Anderson eru báðir úr Breiðholti og hafa spilað saman í nokkrum hljómsveitum alveg frá því að þeir gengu í grunnskóla. Trymbillinn Sigurður Möller Sívertsen



Smelltu til að hlusta
á Grísalappalísu

og annar söngvaranna, Gunnar Ragnarsson, voru saman í hljómsveitinni Jakóbínarína. Einnig eru í hljómsveitinni saxófónleikarinn Tumi Árnason og söngvarinn Baldur Baldursson. Hljómsveitin sendi í sumar frá sér fyrstu breiðskífu sína, ALI, og er hún ein tryllingslegasta og skemmtilegasta rokk-skífa sem komið hefur út í nokkur ár á Íslandi. Textar þeirra eru yfirleitt myrkir og sungnir á íslensku í ljóðrænum og prósastíl af þeim Baldri og Gunnari. Söngstíll Baldurs minnir einna helst á súrrealíska Medúsuskáldið Sjón og Gunnar minnir á köflum á Nick Cave á sínum villtustu árum. Hljómsveitin er þétt og bræðir saman áhrifum héðan og þaðan, þar á meðal úr þýsku súrkálsrokki, bresku síðpönki, íslenskri nýbylgju níunda áratugarins og frá sjálfum Megasi. Tónleikar Grísalappalísu eru afar fjögurir og sveittir.



Smelltu til að
hlusta á KAJAK

KAJAK

KAJAK steig fram á sjónarsviðið á þessu ári og er hér á ferðinni metnaðarfullur rafpoppdúett sem sækir áhrif sín í rafpoppsenu Gautaborgar í Svíþjóð, sem getið hefur af sér flytjendur á borð við Jens Lekman, The Tough Alliance, CEO, Air France og fleiri góða. Fyrsta smáskífa KAJAK, Gold Crowned Eagle, hefur notið töluverðrar hylli nýverið og er von á breiðskífu



Hefur þú lesið Kjarnann í iPad?

Sæktu Kjarnann
í App Store og
upplifðu hann í
sínun náttúrulegu
heimkynnum



Available on the
App Store



kjarninn

frá dúettinum á næstunni. KAJAK ku vera að vinna með hinum sænska Henrik Jonsson sem hefur hljómjafnað fyrir tónlistarmenn á borð við Lykke Li, Fever Ray og Peter Bjorn & John.

Lord Pusswhip



Smelltu til að hlusta á
Lord Pusswhitp

Vesturbæingurinn Þórður Ingi Jónsson hefur í nokkur ár verið að fást við tónlist undir ýmsum nöfnum og fyrir um það bil ári fór hann að búa til sveimkennda og drungalega hiphop-tónlist undir nafninu Lord Pusswhip. Ungur að árum lærði Þórður á píanó og hefur alla tíð haft mikla ástríðu fyrir tónlist. Þegar Þórður var tólf ára náði bróðir hans að spilla honum með því að kynna honum hljóm sveitir á borð við Black Sabbath og Cypress Hill. Upp frá því gerðist Þórður pönkari og sökkti sér af mikilli áfergju í að hlusta á pönk og no wave-tónlist og í framhaldinu framsækna tónlist úr öllum áttum og ber tónlist hans þó nokkurn keim af því.



Smelltu til að hlusta á
M-Band

M-Band

M-Band er eins manns hljómsveit skipuð ungum Reykvíkingsi sem heitir Hörður Már Bjarnason og hefur hann gefið út smáskífu og þröngskífu á internetinu. Tónlist hans er tilþrífamikil og draumkennd raftónlist sem er vel bragðbætt með fallegri alto tenor söngródd Harðar.



Nini Wilson



Hér er á ferðinni ein latasta en um leið ein mest spennandi súpergrúppan sem starfandi er á Íslandi í dag. Hljóm-sveitina skipa þeir Árni Vilhjálmsson úr FM Belfast, Björn Stefánsson úr Mínus og Örn Ingi Ágústsson úr Seabear og Skakkamanage. Á fyrstu tónleikum sínum, fyrr á þessu ári, hituðu þeir upp fyrir hinn goðsagnakennda Daniel Johnston og hafa þeir örsjaldan dúkkað eftir það. Tónlist Nini Wilson er kæruleysislegt jaðarpopp undir áhrifum frá Smog og Pavement. Einn skemmtilegasti hluti tónleika þeirra félaga er þegar þeir láta lavender-olíu í flösku ganga á milli áhorfenda til að lykta af.



Tortilla með ananas- jalapeñosalsa

Pessi réttur er einfaldur í gerð og hreint út sagt ótrúlega bragðgóður. Nautakjötið er hér góð tilbreyting frá kjúklingnum sem oft tíðkast með tortillum og ananas- og jalapeño-salsan setur svo algjörliga punktinn yfir i-ið. Frábær réttur sem kætir bragðlaukana og er tilvalinn í skemmtilegt matarboð!

Tortilla með nautakjöti, ananas- og jalapeñosalsa

Fyrir fjóra, 800 g nautakjöt, 12 tortillur


MARINERING

Hráefni

- ½ búnt kóríander
- 4 jalapeño í sneiðum
- ½ rauðlaukur
- 1 hvítlauksrif
- 1 msk. límónusafi
- 1 msk. ólífuoilía
- 1 msk. Worcestershire-sósa
- 2 tsk. sjávarsalt
- 1 tsk. pipar

Aðferð

- 1 Látið öll hráefnin fyrir marinerunguna í matvinnsluvél og blandið þeim vel saman.
- 2 Leggið kjötið á disk og nuddið marinerungunni vel inn í það. Látið plastfilmu yfir og marinerið í um



klukkustund. Gerið ananas- og jalapeñosalsa á meðan.



ANANAS- OG JALAPEÑOSALSA

Hráefni

- 15 jalapeño í sneiðum
- ½ laukur
- 2 hvítlauksrif
- 240 ml kjúklingakraftur
- 200 g ananas, skorinn í litla bita
- 60 ml ólífuoflía
- 2 tsk. sjávarsalt

AÐFERÐ

- 1 Látið jalapeño, lauk, hvítlauk og kjúklingakraft saman í matvinnsluvél og blandið vel saman. Hellið blöndunni yfir á heita pönnu. Hrærið ananas, ólífuoflíu og salti út í. Látið sjóða í eina mínútu og hrærið reglulega í blöndunni.
- 2 Hellið yfir í skál og leyfið henni að kólna áður en þið berið hana fram. Smakkið hana síðan til með salti.
- 3 Grillið kjötið í um 4 mínútur á hvorri hlið. Látið það síðan standa í smá stund á skurðarbretti og skeiðið það síðan í munnbita.
- 4 Berið nautakjötið á tortillu með ananas- og jalapeñosósu, ásamt grænmeti að eigin vali.



AF FJÖLUNUM



Smelltu til að horfa
á myndband
við lag Hjaltalín



Krafturinn í kaosinu: Englar alheimsins

Kannski er þetta endurtekið efni – en erindið er ennþá brýnt. Englar alheimsins í Þjóðleikhúsinu er geðveik sýning. Við höfum öll gott af því að stíga inn í heim geðveikinnar og öruggustu æfingabúðinar eru mögulega í leikhúsinu. Ótti okkar við geðsjúkdóma og geðsjúklinga er ennþá mikill – þó að allir viti að Kleppur sé víða. Þessi ótti kristallast hvað best í tungumálinu og því hvernig við jöðrum fólk sem glímur við geðsjúkdóma – ef við höfum val viljum við helst ekki hafa það nálægt okkur. Og við tölum enn um að „missa vitið“.

Núna eru Englar alheimsins leiksýning í Þjóðleikhúsinu. Það er til marks um styrk magnaðrar sögu að hún beri þessar aðlaganir, endurvinnslu og afbyggingu. Sýningin sjálf ber öllum aðstandendum sínum frábært vitni, hún er hugvitsamleg, aðgengileg og hæfilega viðeigandi fyrir áhorfendur, dansandi á tryllingsmörkunum.

Mætti ég óska þess að næsta tríó (skáldverk/kvikmynd/leiksýning) yrði Kaldaljós Vigdísar Grímsdóttur?

Hljóðheimur Harmsögu

Það er galdur að semja góða leikhústónlist. Það er alls ekki á allra færi.

Þegar best tekst til er tónlistin eins og hjartsláttur; hljóðheimurinn auðgar allt sem sést og einnig það sem liggur milli línanna. Samtalið þarf að vera gott því þar sem svo mörg skynfæri koma saman má eitt ekki stela frá öðru.

Tónlist Johns Grant varð eins og þriðja persónan í sýningunni á Harmsögu eftir Mikael Torfason, í leikstjórn Unu Þorleifsdóttur, í Kassa Þjóðleikhússins. Tónlistin er meðal þess sem ég man best úr sýningunni. Samstarf Grants og Kristins Gauta Einarssonar sem skóp hljóðmynd hennar hlýtur að hafa verið með afbrigðum gefandi.

Treginn í músíkinni kallaðist vel á við stemmnunguna í verkinu sjálfu, magnaði upp æsinginn, gaf aðstæðunum „botn“. Og þessi maður er með rosalega rödd sem hreinlega smýgur inn í merg. Sýningin Harmsaga er nútímaleg þó að sagan sé bæði gömul og ný, aðdragandi ástríðuglæps eins og Sísifosmartröð þar sem fólk kemst ekki undan ömurlugu hlutskipti sínu.



Á hverjum degi snerta heimsforeldrar UNICEF líf barna um allan heim. Með mánaðarlegum framlögum gera þeir UNICEF kleift að bæta líf bágstaddra barna til frambúðar.

Má bjóða þér að taka þátt í þessu mikilvæga verkefni með okkur?


Kynntu þér málið á www.unicef.is

unicef 

Flug: Höfn fljótandi á eyju



Framtíðarhugmynd
Fljótandi flugvöllur á miðju
Atlantshafinu með hóteli,
hugmynd frá 1927.



Fyrr á öldum skipti staðsetningin mestu máli fyrir þróun borga, að vera staðsett í þungamiðju umferðar á einhvers konar gatnamótum. Þau svæði sem bjuggu yfir góðri höfn eða voru vel staðsett við siglingaleiðir þróuðust og stækkuðu. Í dag er hægt að segja að alþjóðaflugvellir séu hinar nýju hafnir fornaldar enda mætast þar menningarheimar og þar fara fram flutningar og viðskipti. Það er ýmislegt í gerjun á norðurheimskautslóðum sem getur fært þungamiðju flutninga og umferðar nálægt Íslandi, Noregi og Grænlandi. Ef þetta gerist er að ýmsu að huga, eins og umhverfismálum og aðstöðu fyrir þjónustu og björgun, en ekki síður verðmæti byggingarlands sem nú þegar er rætt um í tengslum við staðsetningu flugvallarins í Reykjavík. Verkefnið „Possible Greenland“ sem var hluti af sýningu



Grænland

Hugmyndir dönsku arkitektanna BIG og Tegnestuen Nuuk fyrir flug- og skipahöfn í Nuuk sem sýnd var á Feneyjatvíæringnum 2012

Danmerkur og Grænlands á Feneyjatvíæringnum 2012 snerist um að koma með tillögur að sjálfbærum hugmyndum fyrir þróun hagkerfis, samfélags og menningar Grænlands. Þar unnu verkfræðingar, skipulagsfræðingar, mannfræðingar og arkitektar saman að framtíðarhugmyndum fyrir samfélagið á þessum tímum örra breytinga. Hluti af sýningunni var verkefni sem unnið var af dönsku arkitektastofunni BIG í samvinnu við Tegnestuen Nuuk og heitir „Connecting Greenland: AIR+PORT“

Grænland

Hugmyndin byggir á því að Grænland er ríkt af auðlindum og mikilvægt er að nota þær rétt með hagsmuni íbúanna að leiðarljósi. Nýjar tengingar opnast með nýjum siglinglaleiðum en einnig eru Grænlendingar í mikilli þörf fyrir bættar samgöngur innanlands. Hópurinn lagði fram hugmyndir um nýjan alþjóðaflugvöll í Nuuk og endurbætur á iðnaðarhöfn svæðisins. Hið nýja AIR+PORT væri þá miðstöð alþjóðlegrar umferðar sem gæti aukið ferðamennsku á Grænlandi sem myndi þá vonandi lækka ferðakostnað fyrir íbúa á svæðinu og auðvelda þeim að ferðast innanlands. Mannvirkið er formað eins og kross og staðsetningin er eyja rétt utan við Nuuk.



Smelltu til að skoða fleiri hugmyndir frá Possible Greenland



Smelltu til að skoða tólf
fljótandi flugvallahugmyndir



Smelltu til að lesa um
fljótandi flugvelli í útgáfu
frá 1934

Flugvellir á eyjum

Með auknum mannfjölda og verðmætari landsvæðum getur verið erfitt að finna stað fyrir plássfreka starfsemi flugvalla eða stórskipahafna eins og Íslendingar standa nú frammi fyrir. Við erum þó í þeirri stöðu að ráða ennþá yfir óbyggðum landsvæðum en annars staðar getur það verið af skornum skammti. Af þeirri ástæðu eru þó nokkrir flugvellir nú þegar staðsettir á gervieyjum eins og hugmynd BIG og Tegnestuen Nuuk fyrir AIR+PORT og má þar nefna flugvöllinn í Hong Kong auk fjögurra flugvalla í Japan, en þar er lítið um undirlendi og borgir stórar og þéttbyggðar.

Flugvellir á floti

Áform eru uppi um að stækka Heathrow-flugvöll í London en deilt er um staðsetninguna, þar sem skynsamlegra þykir að nýta verðmæt landsvæði fyrir íbúðarbyggð, og því hafa meðal annars komið fram hugmyndir um að flytja flugvöllinn á haf út sem fljótandi mannvirkir með lestartengingu við fasta landið. Ian Mulcahey, sem stýrir verkefninu, segir hugmyndina ekki erfiða í framkvæmd og hægt sé að nota tækni sem nú þegar er til staðar auk þess sem flugvellir á hafi úti hafi minni umhverfisáhrif en þeir sem eru á landi, til dæmis mun minni hljóðmengun. San Diego í Bandaríkjunum er í sömu vandræðum en það reynist erfitt að finna landsvæði fyrir stækkun núverandi flugvallar. Þar hafa þessar hugmyndir komið fram en á stærri skala þar sem tillögurnar snúast um flugvöll, hótél og veitingastaði auk háskóla og verður gervieyjan því í rauninni fljótandi borg.

Fyrsta hugmyndin um fljótandi flugvöll var birt í tímaritinu Popular Mechanics árið 1927 og snerist um átta fljótandi flugvelli á Atlantshafi sem áttu að vera áningarstaðir fyrir flug á milli Ameríku og Evrópu. Á þessum fljótandi flugvöllum átti að staðsetja hótél en þó var þetta aðallega tækifæri til að fylla eldsneyti á flug

vélarnar, þar sem stutt flugþol var helsti þröskuldurinn í áætlunarflugi á þessum tíma.

Framúrstefna

Þessar hugmyndir minna á verkefni Archigram-hópsins, sem var áberandi á sjöunda áratugnum með hugmyndir og teikningar sem voru skemmtilegar, listrænar og framúrstefnulegar. Archigram er þekkt fyrir hugmyndafræði sína og blaðaútgáfu en ekki byggð verkefni. Hugmyndir hópsins snerust um framtíðina, risamannvirki og þróun borga. Lögð var áhersla á hreyfanlegar og síbreytilegar borgir sem áður var bara að finna í vísindaskáldskap. Archigram hafði áhrif á marga arkitekta, til dæmis hönnuði Pompidou-safnsins í París, Richard Rogers og Renzo Piano, en sá síðarnefndi er einnig arkitekt flugvallarins í Osaka í Japan sem byggður er á gervieyju.

Það er mikilvægt að velta upp hugmyndum og skoða þau tækifæri sem felast í framtíðinni líkt og verið er að gera í verkefninu „Possible Greenland“. Þannig er líklegra að hægt sé að takast á við verkefni framtíðarinnar vel undirbúinn og í sátt við náttúruna og samfélagið. Getum við nýtt hafið undir mannvirki frekar en land? Í staðinn fyrir að staðsetja stórskipahöfn sem kannski verður aðeins þörf fyrir í takmarkaðan tíma (hugsað í tugum ára) í ósnertri náttúru, gætum við komið henni fyrir á fljótandi flug-skipahöfn sem staðsett er við ströndina? Hreyfanleg og breytileg mannvirki geta haft minna fótspor í umhverfinu en þau hefðbundnu. Ef við ætlum að bora eftir olíu á viðkvæmum svæðum í Norður-Íshafi, væri þá hægt að staðsetja fljótandi eyju á hafi úti með björgunar- og umhverfisslysasveit auk annarrar þjónustu og stytta þar með viðbragðstímann ef eitthvað kæmi upp á? Öll mannvirki hafa einhvers konar umhverfisáhrif hvort sem þau eru á landi eða hafi en við sem viljum vera ábyrg kynslóð ættum kannski að stíga varlega til jarðar og reyna að skilja sem minnst eftir af óafturkræfum fótsporum þar sem við höfum aðeins umráð yfir landinu í nokkra tugi ára.

Fjárhagslegt heilbrigði

Mataræði sveiflast í takt við tiskustrauma með jafnvel ýktari hætti en fatatíska. Þróunin er samt almennt á þá leið að sífellt fleiri þjást af offitu og er vandaamálið orðið svo stórt að hægt er að tala um alheimsfaraldur. Til dæmis eru nú fleiri of feitir en of grannir í Kína. Bókin Salt, Sugar and Fat leiðir lesandann í gegnum söguna og tilgreinir helstu ástæður þess að staðan er jafn alvarleg og raun ber vitni.

Matvælaíðnaðurinn veltir gríðarlegum fjárhæðum á hverju ári og unnin matvæli seljast fyrir meira en billjón (þúsund milljarða) Bandaríkjadala á hverju ári. Í Salt, Sugar and Fat er kastljósinu beint að stærstu fyrirtækjunum í matvælaframleiðslu í Bandaríkjunum. Þar er sagt frá leynifundi þar sem allir lykilaðilarnir í greininni hittust til að ræða tengsl unninna matvæla við offitu og hvað væri til ráða. Í stuttu máli var fundinum slitið án þess að samstaða næðist um að axla ábyrgð. Síðan eru liðin fjórtán ár og lítið eða ekkert hefur breyst. Michael Moss, höfundur bókarinnar, er rannsóknarblaðamaður á New York Times og hefur unnið til hinna virtu Pulitzerblaðamannaverðlauna.

Salt, Sugar and Fat ber þess merki að vel hafi verið vandað til heimildaöflunar og höfundurinn hefur hitt ógrynni bæði fyrrverandi og núverandi starfsmanna matvælaframleiðenda til að afla sér upplýsinga. Einnig spila samtöl við fremstu visindamenn heims á þessu sviði mikilvægt hlutverk í að auka trúverðuleika



Smelltu til að heimsækja heimasíðu Michael Moss



Mikil rannsóknarvinna

Michael Moss er virtur á sínu sviði og hefur meðal annars unnið til Pulitzer-verðlauna.

bókarinnar og þeirra staðreynda sem þar eru settar fram. Moss eyddi samtals þremur og hálfu ári í rannsóknarvinnu fyrir bókina.

Matvælaframleiðendur í Bandaríkjunum hafa verið mjög markaðssinnaðir en ákveðin þáttaskil urðu samt í áróðri stærstu matvælafyrirtækjanna þegar General Foods sameinaðist tóbaksframleiðandanum Philip Morris. Sú áróðursmaskína sem tóbaksframleiðendur voru vanir að nota til að auka sölu á tóbaki og að sannfæra neytendur um að reykingar væru ekki skaðlegar var þá heimfærð á matvælaíðnaðinn.

Merkilegt er einnig að lesa um tilurð margra þekktustu vörutegunda Bandaríkjanna. Þar að baki liggja reiknilíkön sem reikna út hvað neytendum þykir best en ekki notast við rýnihópa og aðrar einfaldari aðferðir. Sykur, salt og fita kalla fram líkamleg viðbrögð og sækjum við í vellíðunina sem fylgir neyslu þessara matvæla.



Smelltu til að lesa um næringarinnihald matvara



Það er ekki bara verið að spila á bragðlaukana, það er verið að spila á tilfinningar og líkamleg viðbrögð sem ekki einu sinni upplýstir neytendur geta streist á móti.

Salt, Sugar and Fat er frábærlega vel skrifuð bók og tekst að fjalla um hlutina á mjög hlutlausan hátt. Staðreyndirnar dæma sig alfarið sjálfar. Sagan er síðan krydduð með skemmtilegum lýsingum á vísindamönnum sem hafa fundið upp vörur sem eru daglegir gestir á mörgum bandarískum heimilum.

Bókin fjallar um matvælaíðnaðinn út frá sögunni, fjárhagslegum staðreyndum, markaðslegum áherslum og vísindalegum staðreyndum. Fjölbreyttara samansafn af fróðleik finnst ekki í mörgum bókum og það gerir hana mjög skemmtilega aflestrar.

Ég óttaðist að bókin væri of mikil predikun og í anda þeirra bóka sem fjalla eingöngu um heilbriggt mataræði en sú er alls ekki raunin. Staðreyndir eru láttnar tala sínu máli og í hnotskurn útskýrir bókin hvernig næringarinnihald og hollusta hafa lítið í lægra haldi fyrir fjárhagslegu heilbrigði matvælafyrirtækjanna.



kjarninn

Takk fyrir að lesa Kjarnann

UM KJARNANN

Kjarninn kemur út á fimmtudagsmorgnum. Hann er gefinn út fyrir iPad og iPhone ásamt því að vera aðgengilegur í PDF-formi á vefnum.

Ritstjórn ritstjorn@kjarninn.is

Pórður Snær Júlíusson, ritstjóri thordur@kjarninn.is
Magnús Halldórsson, blaðamaður magnush@kjarninn.is
Ægir Þór Eysteinnsson, blaðamaður aegir@kjarninn.is
Þórunn Elísabet Bogadóttir, blaðamaður thorunn@kjarninn.is

Framleiðsla

Birgir Þór Harðarson, framleiðslustjóri birgir@kjarninn.is
Rakel Tómasdóttir, hönnuður rakeltomas@me.com
Magnús Teitsson, málfarsráðunautur magnus.teitsson@gmail.com

Framkvæmdastjórn kjarninn@kjarninn.is

Gísli Jóhann Eysteinnsson, framkvæmdastjóri gisli@kjarninn.is
Hjalti Harðarson, framkvæmdastjóri hhardarson@kjarninn.is

Auglýsingar auglysingar@kjarninn.is

Kjarninn
Kt: 690413-0190
Laugavegi 71
101 Reykjavík
S: 551-0708

www.kjarninn.is

www.facebook.com/kjarninn

www.twitter.com/kjarninn_is

Kjarninn miðlar ehf.
gefa Kjarnann út.

Hefur þú lesið Kjarnann í iPad?

Sæktu Kjarnann
í App Store og
upplifðu hann í
sínun náttúrulegu
heimkynnum



Available on the
App Store



kjarninn